# FRÉTTABLAÐIÐ

106. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 9. MAÍ 2019

# Myndir þú taka pilluna?

Gríðarlega langan tíma hefur tekið að þróa getnaðarvarnapillu fyrir karla eða allt frá því að getnaðarvarnir fyrir konur komu á markað um 1960. Von er á slíkri pillu á næstu tíu árum og áhugi fyrir því að karlar fái tækifæri til að axla ábyrgð í þessum efnum. ➜ 12, 14



SÆÐISFRUMAN

- Endahetta
- Kjarni
- Höfuð
- Háls
- Hvatberar
- Hali

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason ber saman Argentínu og Brasilíu. 19

**SPORT** Komið að ögurstund hjá Arsenal. 22

**MENNING** Hefur gert leikgerð eftir ljóðum Gerðar Kristnýjar. 30

**LÍFIÐ** Í samstarf með ítölskum sólgleraugnarisa. 40

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## ÚTÓN vill kolefnisjafna

**LÍFIÐ** ÚTÓN, Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar, stendur næstkomandi laugardag fyrir gróðursetningu á trjám í Hekluskógum. Um er að ræða verkefni til að kolefnisjafna fótspor fyrirtækisins. Önnur ferð verður farin 1. júní vegna mikillar þátttöku.

Sigtryggur Baldursson, tónlistarmaður og framkvæmdastjóri ÚTON, segir að flugferðir tengdar starfseminni hafi reynst miklu fleiri en þau hefðu haldið. Cheryl Ang verkefnastjóri segir ÚTÓN ætla að reyna að fækka flugferðum.



– ssþ / sjá síðu 42

## Markaðurinn kominn á skrið eftir þrjú dauf ár

**VIÐSKIPTI** Hlutabréfamarkaðurinn er aftur kominn á skrið eftir rúm þrjú dauf ár en vísitalan hefur hækkað um 30 prósent frá áramótum. Hún fór í gær yfir 2.100 stig þegar hún hækkaði um 1,7 prósent og hefur gildi hennar ekki verið hærra frá endurreisn hlutabréfamarkaðarins eftir fall bankanna. Hækkun ársins er að miklu leyti drifin áfram af verðhækkun Marels en félagið hefur hækkað um 58,4 prósent frá áramótum.

Minni óvissa á vinnumarkaði og vegna WOW air á sinn þátt í hækkunum hlutabréfaverðs frá áramótum að mati greinenda. Eggert Aðalsteinsson, sérfræðingur í eignastýringu Kviku banka, telur að vegna væntinga um vaxtalækkanir færi fjárfestar fjármagn af innlánsreikningum yfir í hlutabréf.

„Nú er markaðurinn á blússandi siglingu,“ segir Eggert. – tfh / sjá



**Eggert Aðalsteinsson.**

## Fall WOW skýri minni hagnað

**VIÐSKIPTI** Fall flugfélagsins WOW air er helsta ástæðan fyrir minni hagnaði Arion banka á fyrsta fjórðungi ársins.

Hagnaðurinn nam 1 milljarði króna sem er um helmingi minna en á sama tíma í fyrra.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli gegn Valitor, dótturfyrirtæki bankans, á einnig sinn þátt í þessu. Var Valitor gert að greiða 1,2 milljarða króna í skaðabætur.

„Óreglulegir liðir gera það að verkum að afkoma fyrsta ársfjórðungs veldur vonbrigðum,“ segir Stefán Pétursson, starfandi bankastjóri Arion banka.

Sala bankans á hlut sínum í Farice vegur upp á móti sem og stöðugar tekjur af vöxtum og þóknunum. – ab

## Veður




Norðlæg átt, 5-13 m/s, hvassast vestantil á landinu. Él norðan og austan til, en skýjað með köflum eða bjartviðri sunnan- og vestanlands. Sums staðar skúrir eða slydduél sunnanlands síðdegis. Hiti 2 til 8 stig að deginum, mildast suðvestan til, en hiti.

SJÁ SÍÐU 26

## Malbikunarsumarið hafið



Malbikunarframkvæmdir í höfuðborginni hófust nú í vikunni en slíkar framkvæmdir eru eitt af merkjum þess að sumarið sé í þann mund að ganga í garð. Þessi flokkur var að störfum í Eikjuvogi í gær en alls verða 67 götur malbikaðar í borginni í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Tveir af þremur bönkum opnað á Apple Pay

**VIÐSKIPTI** Viðskiptavinir tveggja af þremur stóru bönkunum gátu tengt kortin sín við Apple Pay í gær. Um er að ræða greiðsluleið sem gerir eigendum iPhone-síma kleift að borga með símanum í stað hefðbundinna greiðslukorta. Bankarnir hafa undirbúið komu Apple Pay um nokkurt skeið og í gær kynntu Arion banki og Landsbankinn greiðsluleiðina fyrir viðskiptavinum sínum. Íslandsbanki tilkynnti hins vegar sínum viðskiptavinum að opnað yrði fyrir greiðsluleiðina innan tíðar.

 Pay

„Þetta er enn þá í vinnslu hjá okkur, þetta er bara enn í ferli hjá Apple,“ segir Edda Hermannsdóttir, sviðsstjóri samskipta hjá Íslandsbanka. Hún segir þetta ekki stranda á því að Íslandsbanki notar MasterCard en hinir bankarnir Visa. Edda getur ekki gefið neinar nákvæmar tímasetningar á því hvenær viðskiptavinir bankans geta notað þjónustuna. „Þetta er væntanlegt innan tíðar. Mjög fljótlega.“ – ab



**Edda Hermannsdóttir, sviðsstjóri samskipta hjá Íslandsbanka.**

## Mál Freyju fyrir Hæstarétt

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur féllst á beiðni Barnaverndarstofu um að taka fyrir mál Freyju Haraldsdóttur gegn stofnuninni. Freyja sótti um að verða fósturforeldri en Barnaverndarstofa hafnaði umsókn hennar um að sækja námskeið þar sem hæfni hennar yrði metin. Héraðsdómur sýknaði Barnaverndarstofu í málinu en Landsréttur sneri niðurstöðunni við. Taldi Landsréttur að Barnaverndarstofa hefði mismunað Freyju á grundvelli fötlunar hennar.

Barnaverndarstofa óskaði eftir heimild til að áfrýja til Hæstaréttar þar sem málið varðaði hagsmuni barna. Freyja segir það vonbrigði. „Þetta er mjög dapurt. Dómur Landsréttar var mjög skýr og maður hefði haldið að hann ætti að duga en fyrst hann gerir það ekki þá verð ég bara að halda áfram. Það er ekkert annað í stöðunni,“ segir Freyja. – la

# Innflutningur blóma mengandi og óþarfur

**Íslensk blómaframleiðsla gæti staðið undir öllum blómamarkaði hér á landi. Þó eru flutt inn um 300 þúsund afskorin blóm á ári, jafnvel þótt blóm af sömu tegund séu ræktuð hér á landi. Innflutningurinn er sagður mjög mengandi.**

**LANDBÚNAÐUR** Innflutningur á afskornum blómum skilur eftir sig mun stærra kolefnisspor en innlend ræktun blóma. Kolefnisspor innlendrar ræktunar er einungis 18 prósent af innfluttum afskornum blómum.

Axel Sæland, blómabóndi á Espiflöt, segir innflutning afskorinna blóma ekki nauðsynlegan. Hann segir þau blóm sem flutt eru inn langflest vera af sömu tegundum og þau sem ræktuð eru hér á landi og að innlend framleiðsla geti vel staðið undir íslenskum blómamarkaði. „Mest er verið að flytja inn tegundir sem eru í ræktun á Íslandi, það er það sem blómabúðirnar og kúnnarnir þekkja. Það er rosalega lítið um það að verið sé að flytja inn eitthvert framandi efni sem enginn þekkir því þá þorir enginn að nota það.“

Óskað var eftir umsóknum um tollkvóta vegna innflutnings á blómum seinni hluta ársins 2019 á vef atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins í lok síðasta mánaðar. Ekki liggur fyrir niðurstaða útboðsins en samkvæmt niðurstöðum útboða síðastliðinna tveggja ára má gera ráð fyrir því að um 300 þúsund afskorin blóm séu flutt inn til landsins á ári hverju.

Axel segir tollkvótann ekki hvetjandi fyrir íslenska blómabændur. „Það var settur tollkvóti fyrir einhverjum árum síðan, tollur settur á hvert stykki, einhver krónutala. Sú krónutala hefur alls ekki haldið gildi sínu þar sem hún fylgir ekki verðlagi en það hefur breyst síðastliðin 20 ár. Tollverndin heldur því ekki lengur, verndunin er ekki fyrir innlendan markað. Við getum því ekki leyft okkur verðhækkanir á innlendum blómum sem þýðir bara minna í kassann fyrir íslenska framleiðendur og meiri óvissu á markaði“.



Árlega eru flutt 300 þúsund afskorin blóm til landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Hugsunin mín er farin úr því að treysta stjórnvöldum til að vernda og passa okkur í það að almenningur muni gera það með sinni umhverfishugsun.**
>
> Axel Sæland blómabóndi



Meirihluti þeirra blóma sem seljast hér á landi er framleiddur hér en Axel framleiðir um tvær milljónir blóma á ári hverju. Hann segir neytendur á Íslandi vera meðvitaða um þær vörur sem þeir kaupa og treystir á þá frekar en stjórnvöld til að halda lífi í íslenskum blómabændum.

„Hugsunin mín er farin úr því að treysta stjórnvöldum til að vernda og passa okkur í það að almenningur muni gera það með sinni umhverfishugsun. Það er það sem mun halda okkur á lífi í þessum bransa,“ segir Axel og bætir við að stjórnvöld stjórnist af markaðsöflum frekar en lýðheilsu og náttúruvernd: „Það eru ekki lýðheilsa eða náttúruvernd sem stjórna ákvörðunum stjórnvalda. Því bindur maður hreinlega vonir við íslenska kúnnann, að hann sé nógu vel upplýstur til að taka ákvarðanir um það hvað hann vill“.

birnadrofn@frettabladid.is



HÚSASMIÐJAN

blómaval

**Nýtt blað komið út**

Sjá husa.is




# Tilboðsveisla

## Gerðu betri kaup



IKRA mogatec
Sjáðu verðið!

**4.995 kr**

**Rafmagnsorf**
350W, 25 cm sláttubreidd, lína 1,6 mm, framlengjanlegt skaft.
5086616

BLACK+DECKER
25% afsláttur

**16.496 kr**

~~21.995 kr~~

**Mosatætari**
600W, 32 m breidd, 3 hæðastillingar, 40 ltr., safnari.
5083620

25% afsláttur

**36.795 kr**

~~48.995 kr~~

**Bensínsláttuvél** ML140EA
Briggs & Stratton mótor, 140cc, drifvél, sláttubreidd 46 cm, virkni 3in1, 70 ltr. safnari, 7 hæðastillingar 30-80 mm, eitt handtak, þyngd 31 kg.
5085435

Sjáðu verðið!

IKRA mogatec

**17.995 kr**

**Sláttuvél**
Rafmagnssláttuvél, 1400W, sláttubreidd 34 cm, 5 hæðastillingar, 25-65 cm, eitt handtak, 35 ltr., safnari.
5085136

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið mismunandi milli verslana.



OUTBACK

**18.990 kr**

~~23.990 kr~~

**Gasgrill**
Outback gasgrill, 2ja brennara með hliðarborði, grillflötur: 50x36 cm með tvískiptum brennara.
3000225



OUTBACK

**29.990 kr**

~~39.990 kr~~

**Gasgrill, 3ja brennara**
Sunset Solo, 3ja brennara, grillflötur: 628x406 mm.
3 ryðfríir brennarar, hitamælir, 9,67 kW.
3000393



Broil King

**49.990 kr**

~~61.990 kr~~

**Gasgrill Crown 310**
8,8 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli, grillgrindur úr steypujárni, þrír brennarar úr ryðfríu stáli.
3000317



Broil King

**99.990 kr**

~~119.900 kr~~

**Gasgrill Baron 490**
Fjórir ryðfríir brennarar 11.4kW/klst., grillflötur: 28x65 cm², hliðarhella, 2.7kW/klst., snúningssett 4.4kW/klst., grillgrind úr postulínshúðuðu pottjárni.
3000609

AUTHOR®



Fjalla- og götuhjól 26"

**35.120 kr**

~~43.900 kr~~

**Reiðhjól Trophy**
26" Trophy, 17" grind, silfur/blátt, Shimano 18 gírar, Tektro bremsur, þyngd 16,1 kg.
3901410




JOTUN

**Öll LADY málning**

**25% afsláttur**



**Allar Nilfisk háþrýstidælur**

**20% afsláttur**

50% afsláttur



**990 kr**

~~1.990 kr~~

**Sýpris í útipottinn**
80-100 cm.

# Hatari nýtti tímann og heimsótti Betlehem

**EUROVISION** Fram undan er langur og strangur dagur fyrir meðlimi hljómsveitarinnar Hatara. Æft verður stíft í Expo-höllinni í Tel Avív í Ísrael. Er þetta önnur æfingin, en sú fyrsta fór fram á sunnudaginn. Samkvæmt upplýsingum innan úr herbúðum Hatara verður atriðið útfært nánar og verður nálægt því sem sjónvarpsáhorfendur fá að sjá þegar hljómsveitin keppir fyrir Íslands hönd í fyrri undanúrslitariðlinum á fimmtudaginn í næstu viku.

Í gær var frjáls dagur og fékk hljómsveitin, ásamt öllu sínu fríða föruneyti, að slaka á og fara í skoðunarferðir. „Hatari fór í fróðlega ferð til Betlehem,“ segir Matthías Tryggvi Haraldsson, annar söngvara Hatara. „Hópurinn vildi nýta tímann til að kynnast krókum og kimum samfélagsins, ræða við Ísraelsmenn og Palestínumenn, til að átta sig betur á þversagnakenndum raunveruleika landsins og komast nær sannleikanum.“

Eftir æfingar á morgun mun Hatari mæta á blaðamannafund. Blaðamönnum hefur fjölgað töluvert í Tel Avív síðustu daga og má búast við miklu fjölmenni á morgun. Meðlimir Hatara hafa vakið mikla athygli fyrir að vilja nota dagskrárvaldið til að ræða málefni Ísraels og Palestínumanna. Eftir að það barst í tal á síðasta blaðamannafundi var spyrlinum skipað af yfirboðurum sínum að ljúka fundinum. **– ab**



**Meðlimir Hatara hafa í nógu að snúast í Ísrael en æft verður í dag.**

## Lést af völdum blóðmissis eftir skotsár á læri

**SAKAMÁL** Rannsókn morðsins á Gísla Þór Þórarinssyni er enn í fullum gangi í Noregi og segir í tilkynningu lögreglunnar í Noregi að alls hafi 50 vitni verið yfirheyrð. Karlmennirnir tveir sem grunaðir eru um morðið hafa þó ekki verið yfirheyrðir frekar.

Lögregla bíður enn niðurstaðna úr greiningum á vopninu, raftækjum og öðru. Fram kemur í tilkynningunni að hvorugur þeirra sem grunaðir eru hafi verið skráðir fyrir vopni og lögregla hafði á þeim tíma sem morðið var framið engar upplýsingar um að þeir hafi haft aðgang að skotvopni. Rannsóknin sýnir að þeir grunuðu urðu sér úti um byssuna sama dag og morðið var framið.

Fyrstu niðurstöður krufningar Gísla Þórs Þórarinssonar sýna að Gísli lést vegna blóðmissis í kjölfar þess að vera skotinn í lærið. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Noregi hefur utanríkisráðuneytið verið látið vita að krufningu sé lokið og að hægt sé að flytja lík hins látna heim til Íslands. Aðstandendum Gísla hefur verið skipaður lögmaður.

Gunnar Jóhann Gunnarsson, hálfbróðir Gísla Þórs, sem er grunaður um að hafa myrt Gísla aðfaranótt laugardagsins 27. apríl, var úrskurðaður þann 29. apríl í fjögurra vikna gæsluvarðhald. Lögregla segir í tilkynningu að þegar gæsluvarðhald hans rennur út muni hún krefjast þess að það verði framlengt. **– la**


FRÉTTABLAÐIÐ

**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.


# Sjálfstæðismenn munu skoða fjölmiðlafrumvarpið betur

**Frumvarp um stuðning við einkarekna fjölmiðla var kynnt fyrir þingflokki Sjálfstæðisflokksins í gær en breytingar hafa verið gerðar á málinu frá því það kom fram í lok janúar. Bætt hefur verið við ákvæði um aukinn fjárhagslegan stuðning vegna launakostnaðar og athugun á stöðu RÚV boðuð í greinargerð.**

**FJÖLMIÐLAR** „Þetta er auðvitað margbrotið mál sem margir hjá okkur hafa áhuga á og þurfa að tjá sig um. Þannig tekur það smá tíma að fara í gegnum þær umræður,“ segir Birgir Ármannsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, um frumvarp um stuðning við einkarekna fjölmiðla.

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, kynnti frumvarpið fyrir þingflokki Sjálfstæðisflokksins í gær en það var afgreitt úr ríkisstjórn síðastliðinn föstudag.

Birgir segir málið í áframhaldandi meðferð hjá þingflokknum. „Við kláruðum það ekki á þessum fundi en fengum fína kynningu á því frá ráðherra. Við eigum eftir að ræða það betur í okkar hópi.“

Frá því að fyrstu drög frumvarpsins voru kynnt í lok janúar síðastliðins hefur það verið til vinnslu í ráðuneytinu.

Bætt hefur verið við ákvæði um sérstakan stuðning við einkarekna fjölmiðla sem nemur allt að 5,15 prósentum af launakostnaði sem fellur undir lægra skattþrep tekjuskatts. Gert er ráð fyrir að árlegur kostnaður ríkissjóðs vegna þessa nemi um 170 milljónum króna.

Þá hefur verið bætt við greinargerð frumvarpsins stuttri málsgrein sem kemur inn á stöðu RÚV. Þar segir að athuga eigi hvort breyta skuli tekjuuppbyggingu RÚV, þar á meðal hvort draga skuli úr umsvifum á auglýsingamarkaði eða að fjármögnun verði aðeins byggð á opinberum fjármunum. Stefnt er að því að ljúka þeirri athugun fyrir árslok þegar samningur RÚV og ráðuneytisins um fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu rennur út.



**Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, vill efla einkarekna fjölmiðla.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Alls bárust 29 umsagnir um málið meðan það var í samráðsferli í Samráðsgátt stjórnvalda. Flestar þeirra voru frá fjölmiðlum og sneru að skilyrðum fyrir styrkveitingum. Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu nú að ekki hafi þótt ástæða til að breyta einstökum ákvæðum þess. Þó hafi verið tekið tillit til umsagna og athugasemda eftir atvikum í endanlegri greinargerð. **sighvatur@frettabladid.is**

### Þurfa að uppfylla skilyrði

Frumvarpið gerir ráð fyrir að einkareknir fjölmiðlar geti að ákveðnum skilyrðum uppfylltum fengið endurgreiddan allt að fjórðung ritstjórnarkostnaðar. Hámarksstyrkur hvers aðila á ári verður 50 milljónir króna en heildarstuðningurinn er áætlaður á bilinu 300-400 milljónir á ári.

Meðal skilyrða sem sett eru er að fjölmiðill hafi það sem aðalmarkmið að miðla fréttum og fréttatengdu efni, hann hafi starfað í að minnsta kosti tólf mánuði, eignarhald hans liggi fyrir og að miðillinn sé ekki í vanskilum með opinber gjöld. Þá eru gerðar kröfur um hlutfall ritstjórnarefnis og ákveðna lágmarks útgáfu.




ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
RAM
UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

# ALLT FYRIR GOTT SUMARFRÍ

## ALLAR FERÐATÖSKUR Í MIÐSTÆRÐ

30% AFSLÁTTUR



TILBOÐSVERÐ FRÁ: 10.499.-
Verð áður frá: 14.999.-

30% AFSLÁTTUR



**Ferðapúði Memory Foam**
TILBOÐSVERÐ: 2.799.-
Verð áður: 3.999.-

**Ferðapúði og augnhlíf saman í pakka**
TILBOÐSVERÐ: 2.099.-
Verð áður: 2.999.-

30% AFSLÁTTUR



**Allar ferðatöskuhlífar**
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 2.449.-
Verð áður frá: 3.498.-

GRÍPTU GÆSINA

20% AFSLÁTTUR



**Hleðslutæki í bíl 2x USB**
TILBOÐSVERÐ: 4.239.-
Verð áður: 5.299.-

30% AFSLÁTTUR



**Ferðatöskuvigt**
TILBOÐSVERÐ: 2.099.-
Verð áður: 2.999.-

30% AFSLÁTTUR



**Fatapoki 2 stærðir í pakkningu**
TILBOÐSVERÐ: 1.749.-
Verð áður: 2.499.-

30% AFSLÁTTUR



**Töskuól 5 cm**
TILBOÐSVERÐ: 1.119.-
Verð áður: 1.599.-

30% AFSLÁTTUR



**Ferðaveikisbönd**
TILBOÐSVERÐ: 1.119.-
Verð áður: 1.599.-



20% AFSLÁTTUR



**Hleðslutæki og orkubanki USB (3.000 mAh)**
TILBOÐSVERÐ: 7.999.-
Verð áður: 9.999.-

20% AFSLÁTTUR



**Hleðslutæki 4x USB**
TILBOÐSVERÐ: 5.599.-
Verð áður: 6.999.-

20% AFSLÁTTUR



**Háhraða hleðslubanki 2 x USB (10.400 mAh)**
TILBOÐSVERÐ: 7.992.-
Verð áður: 9.990.-


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 13. maí, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



SSANGYONG REXTON DLX
Raðnúmer 150425
Nýskráður: 2016 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 148.000 km.
Verð: 3.490.000 kr.
Tilboð: 2.990.000 kr.

Gott úrval notaðra bíla
benni.is



OPEL ASTRA NOTCHBACK
Raðnúmer 740344
Nýskráður: 2016 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 64.000 km.
Verð: 1.990.000 kr.
Tilboð: 1.490.000 kr.



HONDA JAZZ
Raðnúmer 740042
Nýskráður: 2014 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 86.000 km.
Verð: 1.490.000
Tilboð: 1.290.000 kr.



OPEL KARL
Raðnúmer 680020
Nýskráður: 2018 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 1.000 km.
Verð: 2.290.000 kr.
Tilboð: 1.890.000 kr.



SSANGYONG KORANDO DLX
Raðnúmer 445578
Nýskráður: 2018 / Dísel
Beinskiptur / Ekinn: 30.000 km.
Verð: 3.990.000 kr.



OPEL MOKKA X
Raðnúmer 445632
Nýskráður: 2018 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 35.000 km.
Verð: 3.990.000 kr.



TOYOTA LAND CRUISER 150 GX
Raðnúmer 590299
Nýskráður: 2012 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 112.000 km.
Verð: 4.490.000 kr.



TOYOTA LAND CRUISER 150 VX
Raðnúmer 445570
Nýskráður: 2012 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 168.000 km.
Verð: 4.990.000 kr.


HYUNDAI I20
Raðnúmer 150406
Nýskráður: 2011 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 121.000 km.
Verð: 690.000 kr.

Bílabúð Benna
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2035
Opnunartímar:
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16
Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330
Opnunartímar:
Virka daga 9-18
Laugardaga 10-14

* Birt með fyrirvara um mynd og textabrengl.


Skólanefnd Brekkuskóla og frístundaráð bæjarins deila um fyrirkomulag íþróttakennslu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Brekkuskóli í deilum við bæjaryfirvöld

**Skólaráð Brekkuskóla telur kennsluaðstæður í íþróttum lélegar þar sem bærinn setji menntaskólanemendur í íþróttir á sama tíma. Frístundaráð Akureyrarbæjar svaraði skólanum fullum hálsi og telur erindið fráleitt.**

AKUREYRI Skólaráð Brekkuskóla hefur sent Akureyrarbæ bréf þar sem ráðið mótmælir því harðlega að menntaskóla- og grunnskólanemendum séu ætlaðir íþróttatímar á sama tíma í Íþróttahöllinni á Akureyri á næsta ári. Fer skólaráðið fram á það að deildarstjóri íþróttamála endurskoði tafarlaust ákvörðun sína um skipulag íþróttakennslu á næsta skólaári.

„Skólaráðið fer fram á að nemendur í Brekkuskóla fái að stunda nám í íþróttum við bestu mögulegu aðstæður með tilliti til öryggis nemenda og kennsluaðstæðna,“ segir í bréfi skólaráðsins.

Formaður skólaráðsins er skólastjórinn Jóhanna María Agnarsdóttir. „Við vísum þarna til hljóðvistar og að þá séu of margir í salnum í einu. Við teljum samkeyrslu af þessum toga ekki góða og viljum hana ekki. Okkur er ekkert illa við menntaskólanemendur heldur er hér aðeins verið að skerða okkar kennsluaðstæður með því að vera með hluta salarins á móti okkur,“ segir Jóhanna.

Fréttablaðið greindi frá því fyrir nokkrum árum að Jóhannes Gunnar Bjarnason, íþróttakennari á Akureyri til þriggja áratuga, hafi þurft að hætta störfum vegna álags á raddbönd. Jóhannes er íþróttakennari í Brekkuskóla og situr í skólaráði fyrir hönd kennara. Þáverandi fræðslustjóri bæjarins sagði það áfall að kennarar væru að hætta störfum vegna álags og sagði bæinn þurfa að skoða það hvernig bærinn dældi allt að sjötíu börnum inn í húsið í einu.

Frístundaráð Akureyrarbæjar tók málið fyrir á síðasta fundi sínum. Telur frístundaráð þessa umleitan skólaráðs fráleita. „Íþróttamannvirki Akureyrarbæjar þjóna öllum bæjarbúum og öllum skólastigum. Það er hlutverk íþróttadeildar að koma til móts við óskir þeirra sem vilja nýta mannvirkin og sjá til þess að nýting þeirra sé sem best,“ segir í ályktun ráðsins. „Frístundaráð getur ekki með neinu móti séð að þessi skipting og nýting á salnum muni skerða kennsluaðstæður nemenda Brekkuskóla og því síður ógna öryggi þeirra.“

sveinn@frettabladid.is

## Slæm áhrif á raddbönd íþróttakennara

Jóhannes Gunnar Bjarnason, íþróttakennari á Akureyri til þriggja áratuga, þurfti að hætta störfum tímabundið sökum álags á raddbönd. Annar íþróttakennari, Jóhanna Einarsdóttir, hætti alfarið íþróttakennslu þar sem raddbönd hennar gáfu sig undan álagi. Orsakir raddleysis eru raktar beint til vinnuaðstæðna íþróttakennara.

Valdís Jónsdóttir, doktor í talmeinafræðum, sagði við Fréttablaðið þann 16. september 2015 að vinnuaðstæður þeirra væru ólíðandi. „Íþróttakennurum er gert að kenna undir óþolandi aðstæðum í allt of stórum rýmum með of mörg börn,“ segir Valdís.

Jóhannes Gunnar benti á þetta vandamál árið 2015 en svo virðist sem bærinn hlusti ekki á þær áhyggjur. „Það er ekki hægt að vera lengi með um 50 nemendur í íþróttahöllinni og á sama tíma með 20 fullorðna einstaklinga úr Verkmenntaskólanum. Ég hef nefnt þetta við bæjaryfirvöld en þar hafa menn lokað eyrunum fyrir þessu vandamáli,“ sagði Jóhannes í september fyrir hartnær fjórum árum.

# Segir Landspítalann hafa tekið við slæmu búi eftir einkarekstur

HEILBRIGÐISMÁL Pétur H. Hannesson, yfirlæknir á röntgendeild Landspítala, segir það af og frá að ástæður þess að biðtími eftir þjónustu við krabbameinsleit hafi lengst séu þær að þjónustan hafi flust til Landspítala.

Hið rétta sé að þjónustan flutti til spítalans þar sem þeir sem höfðu hana á hendi hafi gefist upp og spítalinn því tekið við erfiðu búi.

„Árið 2015 var Krabbameinsfélag Íslands komið í þrot með starfsemina að veita klíníska myndgreiningu og greiningu á brjóstum við grun um brjóstakrabbamein,“ segir Pétur.

„Ein ástæða þess var að aðili sem tók þátt í að veita læknisþjónustuna, Röngen Domus Medica, hætti að bjóða fram lækna í þessa starfsemi.“ Segir Pétur að þetta sé einn af vanköntum þess að nýta einkarekstur í sérhæfða læknisþjónustu.

„Þeir aðilar geta sagt upp samningum og hætt að veita þjónustu með skömmum fyrirvara og verið af því ábyrgðarlausir.“

„Í kjölfar þrots KÍ hvað varðar þessa þjónustu leitaði ráðuneytið til Landspítala um læknisþjónustuna og var í kjölfarið gerður samningur,“ bætir Pétur við. „Þetta bar brátt að og á þessum tímapunkti voru engir læknar á LSH þjálfaðir í þessari starfsemi en hér er um læknisstörf að ræða sem krefjast umtalsverðrar sérhæfingar.“

Segir hann biðtímann hafa á stundum verið helst til langan sem eigi sér eðlilegar skýringar. „Þjónustan hefur verið styrkt með góðu samstarfi við erlenda lækna sem hafa komið frá ýmsum Evrópulöndum en einnig lækni frá sjúkrahúsi Akureyrar sem er sérmenntaður í þessum rannsóknum og er biðtími nú ásættanlegur.“ – sa

> Þeir aðilar geta sagt upp samningum og hætt að veita þjónustu með skömmum fyrirvara og verið af því ábyrgðarlausir.
>
> Pétur H. Hannesson, yfirmaður röntgendeildar Landspítala





Völuteigi 19
Mosfellsbæ
Sími 660 0038
MOSFELLSBÆR
Vesturlandsvegur
BÓNUS
Þverholt
KFC
Háholt
KRÓNAN
Vesturlandsvegur
Sunnukriki
Aspaarteigur
Reykjavegur
Stórateigur
Víðiteigur
Litlikriki
Stórikriki
Völuteigur 17-19
Reykjavegur
Völuteigur
Álafossvegur
Reykjalundarvegur
Opið virka daga
kl. 12-18
Takmarkað magn!
2.–10. maí.
FRAMLENGJUM TIL 10.MAÍ – FRAMLENGJUM TIL 10.MAÍ
LAGERSPRENGJA
20–70%
SÓFA
DAGAR
afsláttur af skiptidýnum,eldri gerðum, 80 og 90 cm
hóteldýnum, 180 og 200 cm dýnum, hlífðardýnum,
sófasettum, hvíldarstólum, náttborðum,lökum,
hótel baðmottum, handklæðum,
sængurverasettum o.fl. o.fl.
Hvíldarstólar
Sófar
20% afsláttur af mjúkvöru í verslun
10–50%
afsláttur af hvíldarstólum
og sófum í verslun
meðan á lagersölu stendur
12 mán.
vaxtalausar
greiðslur*
Svefn & heilsa
Lager. Völuteigi 19 - Mosfellsbæ
Sími 660 0038 - Opið kl 12:00-18:30
*3.5% lántökugjald
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
www.svefnogheilsa.is
Listhúsinu Laugardal, Reykjavík og Baldursnesi 6, Akureyri



Frá kjörstað í Suður-Afríku í gær. Ekki er búist við því að niðurstöður úr kosningunum liggi fyrir fyrr en um helgina. NORDICPHOTOS/AFP

# Suður-Afríkumenn velja sér nýtt þing

**SUÐUR-AFRÍKA** Þingkosningar fóru fram í Suður-Afríku í gær. Niðurstöður lágu ekki fyrir þegar Fréttablaðið fór í prentun. Það munu þær líklegast ekki gera fyrr en um helgina, að því er Reuters hafði eftir suðurafrískum embættismönnum í gær.

Kosningarnar koma í kjölfar afsagnar Jacobs Zuma forseta. Zuma neyddist til að segja af sér í febrúar á síðasta ári vegna þrýstings innan flokks síns, Afríska þjóðarráðsins (ANC). Hann hafði verið ákærður fyrir spillingu og átti von á vantrausti á þingi.

Cyril Ramaphosa tók við af Zuma, jafnt sem forseti og leiðtogi ANC. Hann leiddi flokkinn í kosningum gærdagsins og miðað við skoðanakannanir verður að teljast líklegt að hann hafi unnið stórsigur.

Könnun IRR frá því í lok apríl sýndi ANC með 49,5 prósenta stuðning og könnun Ipsos frá því viku fyrr sýndi ANC með 56,9 prósent. Stuðningurinn hafði verið álíka mikill mánuðina á undan. Til samanburðar hafði Lýðræðisbandalagið (DA), undir forystu Mmusi Maimane, 21,3 prósent í könnun IRR og 15,2 hjá Ipsos. Hagfrelsishreyfingin (EFF), undir forystu Julius Malema, hafði 14,9 hjá IRR, 9,5 hjá Ipsos.

Þessar niðurstöður yrðu þær lökustu í sögu Afríska þjóðarráðsins allt frá því að flokkurinn bauð fyrst fram með Nelson Mandela í fararbroddi árið 1994. Þá fékk þjóðarráðið 62,65 prósent en í síðustu kosningum, undir forystu Zuma, fékk flokkurinn 62,15 prósent. – **þea**




VEGNA SÉRSTAKRA AÐSTÆÐNA ER NÚ TIL SÖLU VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI

Veslun ásamt skerpingarverkstæði, sem þjónustað hefur byggingariðnaðinn í 36 ár, er nú til sölu

Reksturinn er tvískiptur, Innflutningur, sala á sagarblöðum, fræsitönnum og öðrum verkfærum fyrir tré- og málmiðnaðinn annars vegar og hins vegar skerping á sagarblöðum og ýmsum bitverkfærum fyrir einstaklinga og fyrirtæki.
Fyrirtækið hefur ávallt verið leiðandi á sínu sviði og hefur yfir að ráða fullkomnum tölvustýrðum skerpingarvélum fyrir flestar gerðir sagarblaða og verkfæra.
Velta fyrirtækisins var um 40 miljónir á síðasta ári og felast talsverðir stækkunarmöguleikar í auknum innflutningi.

Allur núverandi rekstur er til sölu ásamt vélum, vörubirgðum og viðskiptasamböndum. Í dag starfa tveir starfsmenn hjá fyrirtækinu.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 564 2488 OG skarpur@simnet.is


## Litli prinsinn



Harry Bretaprins og Meghan Markle, hertogahjónin af Sussex á Bretlandi, sýndu heimsbyggðinni í gær sinn glænýja, tveggja daga gamla son. „Ég hef tvo bestu drengi veraldar mér við hlið þannig að ég er afar hamingjusöm,“ sagði hertogaynjan við fjölmiðlafólk. Prinsinn fær nafnið Archie Harrison. NORDICPHOTOS/AFP

# Íran krefst verndar gegn Bandaríkjunum

**Forseti Írans hefur tilkynnt að ríkið ætli tímabundið að hætta að framfylgja kjarnorkusamningnum vegna þvingana Bandaríkjamanna. Íranar vilja vernd gegn þvingununum annars ætli þeir að framleiða auðgað úran.**

**ÍRAN** Hassan Rouhani, forseti Írans, greindi frá því í gær að ríkið væri tímabundið hætt að framfylgja skilmálum Íranssamningsins svokallaða. Það er að segja samnings sem Bandaríkin, Frakkland, Þýskaland, Rússland, Kína og Bretland gerðu við Íran um að ríkið myndi leggja kjarnorkuáætlun sína niður í skiptum fyrir afléttingu viðskiptaþvingana.

Frá því að Donald Trump Bandaríkjaforseti rifti samningnum af hálfu Bandaríkjanna í maí á síðasta ári hefur framtíð plaggsins verið óljós. Þau aðildarríki sem eftir stóðu hétu því að vinna áfram eftir samningnum en Bandaríkjamenn settu hins vegar á ný viðskiptaþvinganir gegn Írönum.

Þessar nýju þvinganir hafa haft neikvæð áhrif á íranskt hagkerfi og var því ómögulegt að halda áfram að framfylgja samningnum, að því er Javad Zarif, íranski utanríkisráðherrann, sagði á Twitter í gær.

Samkvæmt Rouhani er hugsanlegt að Íranar muni nú framleiða meira af auðguðu úrani til einkanota. Samningurinn kveður á um að Íranar þurfi að selja úr landi allt auðgað úran sem framleitt er við almenna orkuframleiðslu en efnið er hægt að nýta í framleiðslu kjarnorkuvopna.

Forsetinn sagði hins vegar að þetta yrði ekki gert á næstu sextíu dögum og fór fram á það sérstaklega við aðildarríki samningsins að þau myndu vinna með Írönum að því að aflétta hinum bandarísku viðskiptaþvingunum. Annars myndu Íranar vinna auðgað úran fyrir sjálfa sig.

Zarif tók í sama streng í tísti sínu og skoraði sérstaklega á evrópsku aðildarríkin. Þau hefðu nú þröngan tímaramma til þess að athafna sig og halda lífi í samningnum.

„Ef þessi fimm ríki koma að borðinu og við komumst að samkomulagi, og ef þau samþykkja að vernda olíu- og fjármálageira íranska hagkerfisins, getum við komist aftur á byrjunarreit. Íranska þjóðin og heimurinn allur þurfa að vera meðvituð um það að þetta markar ekki endalok samningsins,“ sagði Rouhani.



Rouhani er ekki sáttur við viðskiptaþvinganirnar. NORDICPHOTOS/AFP

Ákvörðun Íransstjórnar féll í nokkuð grýttan jarðveg hjá aðildarríkjunum. Dmítríj Peskov, upplýsingafulltrúi Vladímírs Pútín Rússlandsforseta, kenndi Bandaríkjamönnum um hvernig farið hefur fyrir samningnum. Hann sagði að Pútín hefði spáð fyrir um afleiðingar „vanhugsaðrar“ riftunar Bandaríkjamanna. „Nú erum við að sjá þessar spár verða að raunveruleika.“

Florence Parly, franski varnarmálaráðherrann, sagði við franska miðilinn BFM TV að Frakkar vildu ólmir halda lífi í plagginu, ella myndi frekari þvingunum verða beitt gegn Íran. „Það myndi ekkert koma sér verr fyrir Íran í dag en að rifta samningnum.“

Bretar, Kínverjar og Þjóðverjar ræddu sömuleiðis um mikilvægi samningsins. Theresa May, forsætisráðherra Breta, sagði við það væri lykilatriði að samningurinn yrði virtur og upplýsingafulltrúi þýska utanríkisráðuneytisins sagði Þjóðverja staðráðna í því að framfylgja samningnum.

**thorgnyr@frettabladid.is**


VOR
TILBOÐ
PARKET · FLÍSAR · HURÐIR
20 TIL 50
% AFSLÁTTUR
AF LAGERVÖRU
Birgisson®
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is

## MARKAÐURINN

# Hlutabréfaverð á blússandi siglingu

**Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hefur hækkað um rúm 30 prósent frá upphafi árs. Munar miklu um verðskrið Marels. Greinendur rekja verðhækkanir meðal annars til minni óvissu vegna WOW air og á vinnumarkaði. Væntingar um vaxtalækkanir eigi sinn þátt.**

Hlutabréfamarkaðurinn er aftur kominn á skrið eftir rúm þrjú dauf ár. Miklar verðhækkanir á hlutabréfum Marels hafa híft upp úrvalsvísitöluna og betri horfur í hagkerfinu hafa skapað skilyrði fyrir hækkanir á innlendum rekstrarfélögum. Greinendur segja forsendur fyrir góðu ári á hlutabréfamarkaðinum.

Frá áramótum hefur úrvalsvísitalan hækkað um rúm 30 prósent til samanburðar við 1,3 prósenta lækkun á árinu 2018. Vísitalan fór í gær yfir 2.100 stig þegar hún hækkaði um 1,7 prósent og hefur gildi hennar ekki verið hærra frá endurreisn hlutabréfamarkaðarins eftir fall bankanna. Hún lækkaði um 4,4 prósent á árinu 2017 og níu prósent á árinu 2016.

Hækkun ársins er að miklu leyti drifin áfram af verðhækkun Marels en félagið hefur hækkað um 58,4 prósent yfir sama tímabil. Markaðsvirði Marels er um 35 prósent af heildarmarkaðsvirði skráðra félaga í Kauphöllinni og því hafa verðsveiflur þess veruleg áhrif á úrvalsvísitöluna.

Á eftir Marel kemur Kvika banki sem skráður var á aðalmarkað Kauphallarinnar í lok mars en verð hlutabréfa bankans hafa hækkað um tæplega 38 prósent. Næst koma tryggingafélögin þrjú, Sjóvá, TM og VÍS, sem hafa hækkað í kringum 25 prósent í verði frá áramótum. Fjögur félög hafa lækkað það sem af er ári en það eru Hagar, sem hafa lækkað um 5,6 prósent, HB Grandi um 11,7 prósent, Sýn um 17,5 prósent og Eimskip um 17,8 prósent.

„Það má segja að frá seinni parti árs 2015 og alveg út 2018 hafi markaðurinn skilað litlili sem engri ávöxtun fyrir utan einstaka félög sem stóðu sig betur en önnur,“ segir Eggert Aðalsteinsson, sérfræðingur í eignastýringu Kviku banka, í samtali við Fréttablaðið. „Nú er markaðurinn á blússandi siglingu,“

Eggert rekur hækkanirnar frá áramótum til þriggja þátta. Í fyrsta lagi hafi Marel átt gott ár og ágætar horfur eru í rekstri félagsins. Félagið hafi skilað góðum uppgjörum og sú ákvörðun að stefna á tvíhliða skráningu þess á markaðinn í Amsterdam hafi jafnframt laðað nýja erlenda fjárfesta að félaginu.

„Hvað innlendu rekstrarfélögin varðar skiptir gríðarlega miklu máli að búið er að minnka óvissu sem hefur legið eins og mara yfir markaðinum,“ segir Eggert og vísar annars vegar til endaloka WOW air, og hins vegar til undirritunar kjara-



Sérfræðingur hjá Kviku telur væntingar um vaxtalækkun hafa þau áhrif að fjárfestar færi fjármagn af innlánsreikningum yfir á hlutabréf. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Hækkun og lækkun hlutabréfa frá áramótum




*Ekki tekið tillit til arðgreiðslna

samninga. „Það tókst að semja án þess að það kæmi til mikilla átaka á vinnumarkaðnum og það var samið á hóflegri forsendum en margir höfðu reiknað með.“

Þá hafa væntingar til komandi vaxtaákvarðana Seðlabanka Íslands haft sitt að segja. „Það eru væntingar um að Seðlabankinn ætli að fara í umtalsverðar vaxtalækkanir á næstu vikum og mánuðum. Það endurspeglast í ávöxtunarkröfu á skuldabréfamarkaði sem hefur lækkað verulega á óverðtryggða endanum. Síðan er líklegt að væntingar um vaxtalækkanir séu að hreyfa fjármagn úr innlánum yfir á hlutabréfamarkaðinn,“ segir Eggert. „Ég tel að það séu forsendur fyrir því að markaðurinn verði sterkur á þessu ári.“

Elvar Ingi Möller, sérfræðingur í greiningardeild Arion banka, tekur í sama streng. Kröftugar hækkanir megi rekja til uppgangs Marels og minni óvissu í tengslum við fluggeirann og vinnumarkaðinn.

**Ég tel að það séu forsendur fyrir því að markaðurinn verði sterkur á þessu ári.**



Eggert Aðalsteinsson, sérfræðingur í eignastýringu Kviku

**Ég hugsa að markaðsaðilar hafi óttast verri niðurstöðu en raun bar vitni.**



Elvar Ingi Möller, sérfræðingur í greiningardeild Arion

„Án þess að fullyrða um að markaðurinn verði áfram í þessum fasa, þá er þó hægt að segja að niðurstaða sé komin í stóra óvissuþætti, sem hafa verið hangandi yfir íslensku efnahagslífi á síðustu mánuðum, sem hafi leitt til ákveðinnar spennulosunar og létt á stemningunni á hlutabréfamarkaði,“ segir Elvar.

„Einn forstjóri orðaði það þannig í nýlegri uppgjörstilkynningu að kjarasamningum væri lokið með fremur raunsærri niðurstöðu. Ég hugsa að markaðsaðilar hafi, á þeim tíma sem orðræðan var sem hörðust, óttast verri niðurstöðu en raun bar vitni.“

Þá bendir hann á að áhrifin af afnámi sérstakrar bindiskyldu á innflæði erlends fjármagns hafi smitast yfir á hlutabréfamarkaðinn. „Afnám bindiskyldunnar hefur ýtt vöxtum á skuldabréfamarkaðnum töluvert niður og það hefur smitast yfir á hlutabréfamarkaðinn, meðal annars vegna þess að vextir á skuldabréfamarkaði mynda grunn ávöxtunarkröfu á hlutabréfamarkaðinn. Þessi áhrif hafa komið hvað skýrast fram hjá tryggingafélögunum, þar sem þau eru að auki einnig stórir eigendur að skuldabréfum í gegnum fjárfestingareignir sínar,“ segir Elvar.

**thorsteinn@frettabladid.is**






# Hagnaður Norðuráls minnkaði um þrjá milljarða króna í fyrra

Álver Norðuráls á Grundartanga var rekið með rúmlega 4,5 milljóna dala hagnaði á árinu 2018, jafnvirði um 550 milljóna króna á núverandi gengi, og dróst hagnaðurinn saman frá fyrra ári um nærri 25 milljónir dala, eða sem nemur um þremur milljörðum króna.

Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi Norðuráls Grundartanga ehf. en rekstrartekjur álversins jukust um liðlega 94 milljónir dala á síðasta ári og námu samtals 752 milljónum dala. Á sama tíma jókst hins vegar framleiðslukostnaður enn meira, eða sem nemur nærri 160 milljónum dala, og var tæplega 712 milljónir dala á árinu 2018.

Álverð er lágt um þessar mundir og hefur lækkað umtalsvert á síðustu misserum á sama tíma og hráefnisverð hefur hækkað nokkuð.

**550**

**milljónir króna var hagnaður Norðuráls á árinu 2018.**

Tonn af áli kostar í dag um 1.780 dali en í ársbyrjun 2018 stóð verðið í um 2.240 dölum á tonnið.

Stöðugildi í álverinu voru að meðaltali 575 á síðasta ári og námu launagreiðslur samtals rúmlega 51 milljón dala. Eignir félagsins voru tæplega 617 milljónir dala í árslok 2018. Bókfært eigið fé var um 409 milljónir dala og er eiginfjárhlutfall Norðuráls því um 66 prósent.

Álverið á Grundartanga er í eigu kanadíska félagsins Century Aluminum. **– hae**




**Rekstrartekjur Norðuráls voru samtals um 90 milljarðar króna í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# Við erum 20 ára

**20–40%**
afsláttur af öllum vörum*

Gefum glaðning daglega
á meðan birgðir endast.

*Nema lyfjum og lausasölulyfjum.

Lyf & heilsa þakka kærlega fyrir samfylgdina síðastliðin 20 ár. Við fögnum afmælinu dagana 9.–16. maí með veglegum afmælistilboðum og gefum glaðninga daglega á meðan birgðir endast.

Hlökkum til að sjá þig.

Pipar\TBWA \ SÍA

*Afmælistilboðin gilda dagana 9.–16. maí í öllum verslunum okkar.*

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*

# Löng og erfið fæðing karlapillunnar

**Vísindamenn telja að getnaðarvarnapilla fyrir karla komi á markað innan tíu ára. Slíkar hugmyndir hafa verið kannaðar síðan hormónagetnaðarvarnir fyrir konur komu á markað um miðja síðustu öld.**

Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is
Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is



Getnaðarvarnir ætlaðar körlum eru fáar og tiltölulega lítið notaðar í samanburði við varnir ætlaðar eingöngu konum. Það sem körlum stendur til boða þegar getnaðarvarnir eru annars vegar eru smokkar, ófrjósemisaðgerðir, eða það að neita sér um kynlíf. Í yfirlitsgrein sinni í læknariti þvagfæralækninga í Norður-Ameríku um getnaðarvarnir karla benda læknarnir Paul Kogan og Moshe Wald á að notkun smokka og framkvæmd ófrjósemisaðgerða hjá körlum er aðeins um 8,9 prósent af heildarnotkun getnaðarvarna í heiminum.

Engum dylst að brýn þörf er á að róa á ný mið í getnaðarvarnamálum, bæði til þess að stuðla að áframhaldandi nýsköpun á þessu mikilvæga sviði heilbrigðisvísindanna en einnig til þess að viðhalda þeirri nauðsynlegu stöðu að besta möguleg heilbrigðisþjónusta sé í boði hverju sinni, og að sú þjónusta henti sem flestum. Að auki eru á bilinu 80 til 90 milljónir fæðinga sem eiga sér stað árlega sem ekki voru afrakstur meðvitaðrar ákvörðunar pars eða einstaklings um barneignir. Af þessum sökum hafa vísindamenn víða um heim leitað leiða á undanförnum áratugum til að gera getnaðarvarnir öruggari, aðgengilegri og þægilegri í notkun.

Þetta mikla verkefni tekur meðal annars til þróunar hormónagetnaðarvarna fyrir karlmenn. Slíkar hugmyndir vöknuðu fyrst á fjórða áratug síðustu aldar og hafa síðan árið 1960, eða um það leyti sem getnaðarvarnapillan kom á markað, verið rannsakaðar af miklum móð. Mikill árangur hefur náðst, en enn er langt í land með að koma slíkri getnaðarvörn á markað.

**Pilla fyrir karla**

Tilgátan sem býr að baki þessum rannsóknum byggir á að ná fram sambærilegri virkni og með notkun getnaðarvarnapillunnar hjá konum sem inniheldur kvenhormónin estrógen og prógesterón. Í tilfelli karla er horft til þess líffræðilega kerfis sem hefur áhrif á og stýrir sæðisframleiðslu, og hvernig lyf eða pilla sem inniheldur testósterón, eða blöndu af karlhormóninu andrógeni og prógesteróni, getur haft áhrif á það. Þetta kerfi tekur til þriggja líffæra; undirstúku milliheilans sem tengir saman ánægju- eða óánægjuskilaboð frá taugum og skynfærum; heiladingulsins sem gengur niður úr undirstúkunni og stýrir framleiðslu ýmissa hormóna, þar á meðal hormóna sem nauðsynleg eru æxlunarfærum mannsins; og kynkirtilsins sem framleiðir sáðfrumur og staðsettur er í eistum karlmanna.

Hormónagetnaðarvarnir fyrir karla felast í því að hamla sæðismyndun svo að hún verði minni en ein milljón sáðfruma í hverjum millilítra sem myndast við sáðfall. Undir venjulegum kringumstæðum, og hjá flestum karlmönnum, eru á bilinu 15 til 150 milljón sáðfrumur í sama magni af sæði. Sæði sem inniheldur engar sáðfrumur, eða geldsæði, er hið endanlega markmið þeirra sem standa í þróun getnaðarvarnapillu fyrir karla. Það markmið hefur ekki náðst hingað til. Í öllum þeim rannsóknum þar sem þessari nálgun er beitt hefur fjöldi sáðfruma í sæði minnkað töluvert, og oft undir 15 milljón frumna í millilítra. Ein milljón sáðfrumna í millilítra minnkar líkurnar á getnaði þannig að þær verða undir einu prósenti á ári. Þetta þykir viðunandi markmið í þeim rannsóknum sem nú eru stundaðar á hormónagetnaðarvörnum fyrir karla.

**Þær virka, oftast**

Tilraunir síðustu ára með getnaðarvarnapillu fyrir karla, sem byggja á og framkvæmdar hafa verið út frá fyrrgreindum aðferðum og markmiðum, hafa ótvírætt sýnt fram á að mögulegt er að hamla verulega sæðismyndun karla með þessum hætti. Hins vegar eru ýmis ljón á vegi framfara á þessu sviði. Ásættanleg fækkun sáðfruma næst ekki hjá öllum körlum og svo virðist sem uppruni karla skipti máli. Þannig hafa tilraunir með hormónagetnaðarvarnir hjá körlum sem eru af asísku bergi brotnir borið árangur í 90 til 100 prósent tilfella en aðeins í 60 til 80 prósent tilfella hjá körlum af evrópskum uppruna. Ekki er vitað hvað veldur þessu. Að auki þarf að líða dágóður tími frá því að meðferð með hormónagetnaðarvörn hefst og þangað til að hún hefur náð tilætluðum árangri, eða þrír til fjórir mánuðir. Það tekur síðan þrjá til sex mánuði fyrir sæðismyndun að ná fyrri stigum eftir að meðferð er hætt.

Sem áður segir hafa fjölmargar tilraunir verið gerðar með hormónagetnaðarvarnir fyrir karlmenn. Af þeim hafa tvær verið gerðar á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Í báðum rannsóknum, sem saman tóku til tæplega eitt þúsund karla, voru þátttakendur sprautaðir vikulega með 200 milligrömmum af lyfinu testósterón enanthate (betur þekkt sem Delatestryl). Í fyrri rannsókninni minnkaði sæðismyndun hjá 60 prósentum þátttakenda verulega, eða þannig að um geldsæði var að ræða. Í seinni rannsókninni, sem skipuð var asískum sjálfboðaliðum, náðist sami eða sambærilegur árangur hjá 98 prósentum.



EGGFRUMAN
- Geislasveigur
- Eggbú
- Glærbelti
- Frumuhimna
- Umfrymi
- Kjarni





**Vafasamar aukaverkanir**

Rannsóknir WHO og fleiri sambærilegar rannsóknar hafa sýnt fram á fýsileika þess að beita hormónameðferð til að hamla myndun sáðfruma. Í þessum rannsóknum er þó að finna tilfelli þar sem ekki tekst að hamla sæðismyndun svo að öruggt sé að getnaður eigi sér ekki stað. Í rannsóknum WHO var jafnframt tiltölulega stór hluti þátttakenda sem sagði vikulegar sprautur vera kvöð. Þá voru nokkrir sem upplifðu minniháttar aukaverkanir, þar á meðal hafði meðferðin þau áhrif hjá nokkrum að minna var af HDL-kólesteróli í blóði sem getur aukið líkur á æðakölkun. Aðrar þekktar aukaverkanir, sem oft á tíðum fylgja getnaðarvarnapillunni, eins og breytingar á kynhvöt, höfuðverkur og skapsveiflur, hafa ekki verið rannsakaðar nægilega svo hægt sé að draga ályktanir um algengi þeirra.

Á allra síðustu mánuðum hafa stór skref verið tekin í átt að tilraunum með getnaðarvarnapillu fyrir karla. Vísindamenn við Líflæknisfræðistofnunina í Los Angeles í Bandaríkjunum (LA BioMed) og Háskólann í Kaliforníu eru um þessar mundir með tvö lyf á tilraunastigi 2 þar sem virkni og aukaverkanir eru kannaðar.

**» Á allra síðustu mánuðum hafa stór skref verið tekin í átt að tilraunum með getnaðarvarnapillu fyrir karla.**

Lyfin innihalda hormónin andrógen og prógesterón. Niðurstöður fyrri tilrauna gefa til kynna að lyfið dragi úr sæðismyndun án alvarlegra aukaverkana, þó svo að sumir karlar hafi upplifað þreytu og fengið höfuðverk. Kynhvöt örfárra minnkaði.

„Niðurstöður okkar gefa til kynna að þetta lyf, sem byggir á tveimur hormónaferlum, hamli framleiðslu sæðis án þess að hafa almennt áhrif á kynhvöt," segir Christina Wang, læknir og rannsakandi hjá LA BioMEd. Hún segir að nú taki við stærri og lengri rannsóknir á virkni og öryggi lyfjanna.

„Öruggar hormónagetnaðarvarnir fyrir karla, sem hægt er að snúa við, verða að líkindum fáanlegar innan 10 ára," segir Wang.

**Er körlum treystandi?**

En er eftirspurn eftir slíkri getnaðarvörn? Fáar ítarlegar rannsóknir hafa verið gerðar á viðhorfi karla til þess að nota getnaðarvarnapillu. Þær rannsóknir sem hafa verið gerðar á undanförnum árum gefa þó til kynna að í mörgum löndum sé áhugi fyrir því að karlar fái frekari tækifæri til að axla ábyrgð í þessum efnum.

Könnun á þessu viðhorfi meðal karla í Edinborg, Sjanghaí, Hong Kong og Höfðaborg leiddi í ljós að 44 til 83 prósent karla höfðu áhuga á að nota hormónagetnaðarvörn. Árið 2009 voru tvö þúsund konur, í sömu borgum, spurðar út í það hvort að þær treystu maka sínum til að nota slíka getnaðarvörn. Mikill meirihluti þessara kvenna, eða 65 prósent, sagði að konur þyrftu almennt að axla of mikla ábyrgð á notkun getnaðarvarna. Á bilinu 70 til 90 prósent þeirra töldu að það væri mikilvægt að körlum standi hormónagetnaðarvörn til boða.

## Spurt á Háskólatorgi

**Myndir þú íhuga að taka getnaðarvarnapillu fyrir karla þegar hún kemur á markað?**

Fréttablaðið fór á stúfana til að kanna viðhorf ungra karlmanna til getnaðarvarnapillu fyrir þá og hvort ungir karlmenn myndu skoða það að nýta sér slíka pillu. Á Háskólatorgi í Háskóla Íslands voru það nokkrir sem voru til í að taka þátt en þó vakti það athygli hversu margir voru feimnir við að svara.



**Kjartan Þórsson** **30 ára**
- Það fer algjörlega eftir því hvernig þessi pilla er og hvað hún gerir. Hvernig hún hefur áhrif á mig og hvort það fylgi einhverjir eftirkvillar í framtíðinni. Hvernig sé búið að prófa hana og hvort það séu einhver markaðsöfl að koma þessu áfram eða hvað. Mér finnst alveg sanngjarnt að við höfum jöfn tækifæri til að taka getnaðarvarnapillur eins og konur.



**Moaz Malimam** **25 ára**
- Kannski þegar ég er búinn að kynna mér þetta vel.



**Jón Þór Stefánsson** **22 ára**
- Það er ákvörðun sem yrði tekin þegar upplýsingar eru komnar, hverjar hætturnar og aukaverkanir verða og svoleiðis.



**Þórður Ágústsson** **21 árs**
- Nei. Ég er ekki fyrir pillur yfirhöfuð.



**Stefán G. Sigurðsson** **20 ára**
- Ég held ég myndi alveg prófa það þegar kæmi að því.



**Aron Bjarki Jósepsson** **29 ára**
- Já, ég myndi alveg skoða það og sjá hvernig þetta virkar. Það er ekki mikið mál.

# Apple Pay er komið til Íslands




Nú getur þú borgað með símanum þínum
með Apple Pay. Þú finnur allt um hvernig
þú virkjar það á **arionbanki.is/applepay**.

Arion banki | Pay

# Kynhvöt karla og kvenna

Ein af grunnhvötum beggja kynja og einn af drifkröftunum í samskiptum þeirra er kynhvötin og munu væntanlega flestir vera því sammála að hún sé nauðsynleg, á stundum óáreiðanleg og ekki til staðar, en hjá sumum jafnvel yfirdrifin.

Hægt er að skilgreina kynhvöt sem tilfinningu eða líðan sem byggir á flóknu samspili andlegra, líkamlegra og samfélagslegra þátta sem leiða af sér líffræðilegar, hugrænar og hegðunarlegar breytingar hjá einstaklingum þar sem markmiðið er einhvers konar fullnæging.

Ekki skal lagt sérstaklega mat á það hvað er eðlilegt í sjálfu sér, enda engin mælistika til um það. Einstaklingar eru jafn mismunandi og þeir eru margir og leika aldur, aðstæður, sjúkdómar, lyf og margt fleira hér auðvitað stórt hlutverk.

Það er hins vegar áhugavert að velta fyrir sér hvaða þættir hafa áhrif á og draga úr kynhvöt og þar af leiðandi samlífi einstaklinga. Þetta eru gjarnan mjög persónuleg mál og ekki á borð borin alla jafna í samtölum milli vina og kunningja, jafnvel ekki milli aðila í sambandi eða hjá hjónum.

Við læknar og heilbrigðisstarfsfólk sem eigum samskipti við einstaklinginn í trúnaði og á bak við luktar dyr fáum oft að heyra um slík vandamál, ekki síst þegar erfiðleikar steðja að í samböndum og lífi fólks en einnig t.d. sem aukaverkun við lyfi sem hefur verið ávísað. Það getur reynst fólki erfitt að tjá sig og stundum þarf að brjóta ísinn og opna umræðuna til þess að fá fram orsakir og afleiðingar.

Þá er kynhvöt á stundum ruglað saman við kyngetu sem er allt annars eðlis þó þar geti verið samhengi á milli. Mjög mikilvægt er að fá fram góða sögu og nálgast vandann út frá kyni og aldri einstaklings auk þess sem taka þarf tillit til aðstæðna og umhverfis viðkomandi.

Rannsóknir sýna að stór hópur kvenna, sérstaklega eftir tíðahvörf, finnur fyrir því sem á fagmáli er kallað FSD (Female Sexual Dysfunction) sem mætti lauslega þýða sem kynlífs- eða kynhvatartruflun sem byggist oftar en ekki á hormónabreytingum. Það er þó umtalsverður hluti kvenna fyrir tíðahvörf sem hefur svipaðar kvartanir og er almenna reglan að þetta er vangreint vandamál hjá báðum hópum og þar af leiðandi vanmeðhöndlað.

Algengast er að karlmenn eftir miðjan aldur finni fyrir ristruflun þar sem vandinn getur verið líkamlegur jafnt sem andlegur, yngri menn geta lýst svipuðum einkennum en orsakir þeirra eru sjaldnar líkamlegar. Hér er svipaða sögu að segja með konurnar, nema umræðan er orðin opnari gagnvart þessum vanda eldri karla eins og ávísanir stinningarlyfja bera með sér. Umræða um testosteron og nálgun þess hvað varðar líðan og getu er einnig orðin fyrirferðarmikil.

Hvað er það þá sem ber að hugsa um finni einstaklingar til minnkaðrar kynhvatar?

Alþekkt er að andleg og líkamleg þreyta, svefnleysi, streita, áhyggjur, vanlíðan og samskiptaörðugleikar hvers kyns eru stórir áhrifaþættir hjá báðum kynjum. Áfengi og vímuefni losa um hömlur en dempa skilningarvitin og samskipti, þannig dregur úr kynhvöt og ánægju af samlífi. Dæmi um lyf sem geta haft áhrif á kynhvöt eru háþrýstingslyf, þunglyndislyf, ofnæmislyf, krabbameinslyf, getnaðarvarna- og hormónalyf.

Mikilvægt er að átta sig á líkamlegum orsökum og gæta að andlegu jafnvægi en í grundvallaratriðum verður að huga að nánd, trausti, opnum og heiðarlegum samskiptum milli aðila auk þess að virða þau mörk sem hver einstaklingur setur.

**Algengast er að karlmenn eftir miðjan aldur finni fyrir ristruflun þar sem vandinn getur verið líkamlegur jafnt sem andlegur, yngri menn geta lýst svipuðum einkennum en orsakir þeirra eru sjaldnar líkamlegar.**



Teitur Guðmundsson
læknir

Doktor.is



# Sjálfsagt að karlmenn tækju ríkan þátt

**Það getur haft margvísleg áhrif á líkamann að nota getnaðarvarnir. Flestar innihalda þær tvö hormón, estrógen og gestagen. Áhrif og einkenni sem konur geta fundið fyrir við notkun hormónaríkra getnaðarvarna eru margar.**

Til eru margar getnaðarvarnapillur á markaði og þær innihalda mismunandi magn hormóna, en svo eru til aðrar tegundir getnaðarvarnapilla sem innihalda eingöngu gestagen.

Þá eru til hormónastafir sem eru settir undir húð, sprauta sem er notuð í vöðva og svo hringurinn sem er notaður staðbundið í leggöngum.

Margar konur sem hafa eignast börn nota hormónalykkju. Þessar tegundir getnaðarvarnalyfja virka ekki allar alveg eins en í grunninn snúast þær um að hafa áhrif á tíðahring kvenna, egglos og uppbyggingu slímhúðar í legi og leghálsopi. Hindrun eggloss á miðjum tíðahring kvenna gerir það að verkum að egg getur ekki frjóvgast og þungun því nær útilokuð og er vörnin talin allt að 99%.

„Það hefði mikla þýðingu að auka fjölbreytileika og möguleika til getnaðarvarna fyrir pör og sjálfsagt að karlmenn tækju ríkan þátt í þeim vörnum sem hingað til hafa verið mestmegnis í höndum kvenna,“ segir Teitur Guðmundsson, læknir og eigandi Heilsuverunnar, um það ef vel tekst til með getnaðarvarnapillu fyrir karlmenn.

„Enn erum við of stutt komin til að geta nýtt okkur slík lyf og því enn að vissu leyti fræðileg umræða. Hins vegar eru karlmenn í auknum mæli farnir að fara í svokallaða „herraklippingu“ sem er einföld og fljótleg ófrjósemisaðgerð. Það má til að mynda segja að hún sé mun betri en fyrir konu að fara í slíka aðgerð þar sem ekki er um að ræða inngrip í kviðarholi heldur staðbundið í pung karlmannsins og aukaverkanir og flækjustig mun minna en hjá konum.“

## Áhrifin margskonar

Ef horft er til aukaverkana af pillunni þá flokkast þær sem vægar annars vegar líkt og ógleði, þyngdarbreytingar, höfuðverkir, skapbreytingar og minnkun á kynhvöt auk eymsla í brjóstum. Oftar en ekki ganga þær yfir eða það þarf að breyta um getnaðarvörn. Sumum konum þykja aukaverkanir það slæmar að þær kjósa að nota ekki pilluna og verjast þungun með öðrum hætti.

„Inngripið í hormónakerfi kvenna er umtalsvert við notkun þessara lyfja en rannsóknir hafa ekki sýnt fram á að við venjulega notkun og þegar þær þolast vel að konur þurfi að hafa miklar áhyggjur, á því eru þó undantekningar,“ segir Teitur.

„Áhyggjur lækna af þróun ýmissa sjúkdóma líkt og krabbameina hafa verið misvísandi, sum mein virðast aukast á meðan tíðni annarra dregst saman. Blóðtappahneigð hefur verið rædd og virðist aukin við notkun ákveðinna tegunda en einnig ef kona reykir og er orðin 35 ára eða eldri. Einhver aukning er á áhættu á hjarta- og æðasjúkdómum sérstaklega ef um er að ræða fleiri undirliggjandi áhættuþætti slíkra sjúkdóma eins og háan blóðþrýsting, ættarsögu og reykingar einnig.“

Eftir að kona hættir á hvers kyns getnaðarvörn líða almennt nokkrir mánuðir þar til tíðahringur kemst aftur í samt horf og verður reglulegur.

„Kona getur orðið þunguð þegar hún er aftur farin að hafa egglos og eðlilega uppbyggingu slímhúðar. Almennt er hægt að taka getnaðarvarnir býsna lengi án þess að þær hafi teljandi áhrif á frjósemi, en eftir því sem konan eldist og fleiri þættir koma til dregur vissulega úr getu þeirra til barneigna,“ segir Teitur.

## Ófrjósemisaðgerð öruggust

Aðspurður hvaða getnaðarvörn sé talin vænlegust á markaðnum núna segir Teitur að það sé sú sem hafi næga virkni til að koma í veg fyrir getnað og þolist vel, aukaverkanir séu litlar sem engar. Margir möguleikar falla þar undir.

„Það má segja að skírlífi sé öruggasta leiðin almennt, en taki kona getnaðarvörn og hún sé tekin með réttum hætti og engir aðrir utanaðkomandi þættir spilli fyrir virkni hennar eru þær flestar meira en 95% öruggar eða allt að 99%. Ef pillan gleymist til inntöku þá er ákveðin hætta á þungun, sömuleiðis ef getnaðarvarnahringurinn er ekki rétt notaður sem og aðrar varnir líkt og smokkar eða viðlíka geta rofnað,“ segir Teitur.

„Langverkandi getnaðarvarnir eru iðulega einna öruggastar þar sem minni hætta er á að konan gleymi inntöku. Þá má ekki gleyma því að fyrir utan lyf og staðbundna meðferð eru til ófrjósemisaðgerðir bæði karla og kvenna sem eiga að hindra nær fullkomlega getnað.Margir karlmenn eru hræddir við slíkar aðgerðir og horfa á þær sem einhvers konar geldingu og að þeir muni ekki njóta samlífis með sama hætti og áður. Staðreyndin er sú að aðgerðin er mjög einföld og hefur í engu áhrif á framleiðslu kynhormóna eða atriða sem hafa áhrif á kynhvöt eða löngun. Geta karlsins til að stunda kynlíf er með öllu óskert og ættu þeir ekki að hafa áhyggjur af því að slíkt muni verða minna, heldur þvert á móti þar sem konan þarf ekki lengur getnaðarvörn sem getur einmitt haft hamlandi áhrif á löngun hennar. Þannig má segja að slík aðgerð geti verið afar hentug fyrir báða aðila og þeim til ánægju.“

### Bylting í lífi kvenna með tilkomu pillunnar

Pillan kom á markað í Bandaríkjunum árið 1960 og varð bylting í lífi kvenna. Carl Djerassi, stundum nefndur faðir pillunnar, sem fór fyrir rannsóknum sem leiddu til getnaðarvarnarpillunnar sagði að uppgötvun pillunnar hefði haft meiri áhrif á líf fólks en flestar aðrar vísindauppgötvanir eftirstríðsáranna. Þessi smáa en virka getnaðarvörn gaf stúlkum og konum gríðarlegt frelsi til þess að ná valdi yfir eigin líkama og stjórna barneignum sínum. Margar konur náðu að klára nám í stað þess að hverfa inn á heimilin til að sinna börnum og búi. Fyrst um sinn þóttu einhleypar konur á pillunni lauslátar og voru litnar hornauga. En blessunarlega er það ekki staðan í dag.

„Tilkoma getnaðarvarnapillunnar fyrir tæpum fimmtíu árum leiddi til byltingar í kynfrelsi og kynhegðun kvenna,“ segir Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta. „Konur gátu í fyrsta skipti með tiltölulega öruggum hætti stýrt því hvort þær urðu þungaðar eður ei. Þær gátu notið kynlífs án þess að þurfa að treysta á verjur ástmanna sinna. Þetta skipti enn meira máli en ella vegna þess að á þessum tíma var þungunarrof ólöglegt.“

# Fögnum Apple Pay á Íslandi

Við óskum Visa korthöfum Arion banka og Landsbanka til hamingju með að geta núna notað Apple Pay.




VALITOR | Pay

Dalshraun 3, 220 Hafnarfjörður | 525 2000 | valitor@valitor.is | valitor.is

# Vikan

**Deilur um þungunarrof kvenna, álit almennings á þriðja orkupakkanum og mikil trú Íslendinga á Hatara í Eurovision var meðal þess sem fréttnæmt var í liðinni viku. Auk þess var glænýjum erfingja bresku krúnunnar gefið nafn.**









## Mikill hiti á þingi um þungunarrof

Þingmenn úr hópi Flokks fólksins, Miðflokksins og Sjálfstæðisflokksins lýstu því á þriðjudag að þeir væru ekki sáttir við lagafrumvarp Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra um þungunarrof. Guðmundur Ingi Kristinsson, þingmaður Flokks fólksins, lagði fram breytingartillögu sem myndi leiða til skertra réttinda kvenna frá því sem nú er. Atkvæðagreiðslu um frumvarpið var frestað eftir að þriðju og síðustu umræðu lauk á þriðjudagskvöld. Nefndardagar verða það sem eftir lifir vikunnar og verða því ekki greidd atkvæði um frumvarpið fyrr en í næstu viku. Mikill hiti var í umræðum og hart tekist á um málið.

Nokkrar breytingartillögur voru lagðar fram. Þar á meðal frá Guðmundi Inga Kristinssyni, þingmanni Flokks fólksins. Telur hann innihald frumvarpsins „algjörlega óverjandi, siðferðilega rangt og ganga gegn lífsrétti ófæddra barna“. Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, taldi þing ætla að samþykkja að ófullburða barn verði drepið í móðurkviði. Því myndi hún alltaf segja nei við.

**» Guðmundur Ingi telur innihald frumvarpsins „algjörlega óverjandi, siðferðilega rangt og ganga gegn lífsrétti ófæddra barna“.**

## Íslendingar hafa trú á Hatara

Um fjórðungur landsmanna spáir því að framlag Íslands í Eurovision söngvakeppninni muni enda í einu af fimm efstu sætum keppninnar, sem haldin verður í Ísrael í næstu viku. Þetta kemur fram í nýrri könnun MMR sem framkvæmd var dagana 30. apríl til 3. maí.

Í kringum 80 prósent telja að Hatari komist áfram á lokakvöld söngvakeppninnar. Jákvæðni mældist mest hjá yngri aldurshópum og spáðu þannig 64 prósent svarenda á aldrinum 18-29 ára og 58 prósent þeirra 30-49 ára íslenska laginu einu af tíu efstu sætum keppninnar.

Íslendingar sem eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu eru talsvert jákvæðari en þeir sem búa á landsbyggðinni. 51 prósent höfuðborgarbúa telur að Hatari lendi í einu af tíu efstu sætunum samanborið við 45 prósent þeirra á landsbyggðinni. Landsbyggðarfólk var einnig líklegra til að spá Hatara einu af neðstu sætunum í keppninni.

## Meiri þekking, meiri stuðningur

Umræðan um þriðja orkupakkinn hélt áfram í vikunni. Málið er nú inni á borði utanríkismálanefndar Alþingis sem hefur kallað til sín gesti til að fara yfir málið. Á mánudaginn komu fræðimennirnir Stefán Már Stefánsson og Friðrik Árni Friðriksson Hirst fyrir nefndina en þeir hafa skrifað ítarlegar álitsgerðir um málið.

Á þriðjudaginn birtist könnun sem Zenter-rannsóknir gerðu fyrir Fréttablaðið. Kom þá í ljós að 48,7 prósent þeirra sem tóku afstöðu voru andvígir samþykkt þriðja orkupakkans á móti 29,6 prósentum þeirra sem eru hlynntir. Athygli vakti að stuðningur við málið var meiri eftir því sem fólk var búið að kynna sér málið betur.

**» 48,7 prósent þeirra sem tóku afstöðu voru andvígir samþykkt þriðja orkupakkans.**

## Prinsinn hlaut nafnið Archie

Breska konungsfjölskyldan birti í gær myndir af nýjasta erfingja bresku konungsfjölskyldunnar, syni Harrys og Meghan. Heilmikil eftirvænting hefur ríkt fyrir myndunum og virðist litli drengurinn vera hress og kátur, að minnsta kosti hraustur að því er fram hefur komið í tilkynningum frá fjölskyldunni.

Konungborni drengurinn mun bera nafnið Archie Harrison Mountbatten-Windsor og var það tilkynnt í Instagram-færslu síðdegis í gær. Með millinafninu Harrison er vísað til þess að drengurinn sé sonur Harrys, að því er fram kemur í umfjöllun breska götublaðsins Hello.

Þá sagði Meghan frá því að þau Harry og Archie hefðu óvænt rekist á Filippus, hertoga af Edinborg og eiginmann Elísabetar Bretlandsdrottningar, í Windsor-kastalanum á leið sinni á blaðamannafundinn í dag þar sem þau sýndu soninn í fyrsta sinn en Meghan greindi frá þessu á léttu nótunum á fundinum.

**» Konungborni drengurinn mun bera nafnið Archie Harrison Mountbatten-Windsor.**

# Fasteign vikunnar

úr Fasteignablaði Fréttablaðsins











Miklaborg kynnir einstaklega bjarta og fallega íbúð á 3. og efstu hæð við Strandveg 16 í Sjálandinu, Garðabæ. Mikil lofthæð, gólfsíðir gluggar, fallegt útsýni, sólríkar svalir, innfelld ljós og ljósakerfi. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Stutt er í leikskóla og skóla og aðra þjónustu. Sjarmerandi eign á þessum eftirsótta stað í Garðabæ.

WWW.BILALAND.IS

# Tilboðsbílar á góðu verði

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarnir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.

ÁSTANDSSKOÐAÐIR BÍLAR




**Hyundai iX35 Comfort**
Nýskr. 06/15, ekinn 64 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 2.990.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**2.290.000 kr.**
*30.043 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.**




**Renault Clio Zen Sport Tourer**
Nýskr. 03/17, ekinn 33 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 2.290.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**1.790.000 kr.**
*23.568 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.**




**Hyundai i30 Classic Wagon**
Nýskr. 05/14, ekinn 113 þ.km,
bensín, beinskiptur.
**Verð 1.490.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**990.000 kr.**
*13.208 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.**




**Subaru Outback Premium Eyesight**
Nýskr. 05/16, ekinn 73 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 3.790.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**3.190.000 kr.**
*41.698 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.**




**Honda CRV Lifestyle**
Nýskr. 05/16, ekinn 66 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.490.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**2.890.000 kr.**
*37.813 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.**




**Peugeot 3008**
Nýskr. 05/14, ekinn 83 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 1.690.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**1.190.000 kr.**
*15.798 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.**




**VW Golf Sportsvan Trendline**
Nýskr. 05/16, ekinn 59 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.290.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**1.690.000 kr.**
*22.273 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.**




**Toyota Rav4 VX**
Nýskr. 05/17, ekinn 65 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 4.890.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**4.290.000 kr.**
*55.944 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.**




**KIA Ceed LX**
Nýskr. 04/17, ekinn 79 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 2.390.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**1.890.000 kr.**
*24.863 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.**




**Suzuki Baleno**
Nýskr. 04/17, ekinn 92 þ.km,
bensín, beinskiptur.
**Verð 1.790.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**1.390.000 kr.**
*18.388 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.**

ENNEMM / SÍA / NM93789

Ástandsskoðun Fjármögnun á staðnum Allt að 80% lán Lykill




**Renault Captur Zen**
Nýskr. 03/18, ekinn 13 þ.km,
bensín, beinskiptur.
**Verð 2.390.000 kr.**




**Hyundai Santa Fe III Style**
Nýskr. 03/16, ekinn 56 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 5.390.000 kr.**




**LAND ROVER Discovery 5 S**
Nýskr. 05/17, ekinn 51 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 8.890.000 kr.**




**Hyundai Tucson Comfort 4wd**
Nýskr. 01/18, ekinn 76 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 4.090.000 kr.**




**Nissan X-Trail Tekna 4wd**
Nýskr. 09/17, ekinn 25 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 5.790.000 kr.**

**Opið frá kl. 9–18 alla virka daga**
**og laugardaga frá kl. 12–16**

*Mánaðargreiðsla er gerð samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðu lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílaláns frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

Bílaland - Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

bílaland

# Í bænum



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Göngugötur eru nauðsynlegur og um leið skemmtilegur þáttur í því að skapa aðlaðandi miðbæ. Á sólríkum dögum í Reykjavík blasir þetta við öllum. Slíkir dagar eru reyndar of fáir en þegar þeir koma ganga íbúar glaðir í bragði út úr húsum sínum og streyma í bæinn um leið og þeir fagna því hversu sjarmerandi, notalegur og skemmtilegur hann er. Þegar sólin bregður birtu yfir bæinn gerir hún hann sjálfkrafa að góðum stað en fleira kemur til, ekki síst göngugötur. Slíkar götur eru nauðsynlegar í öllum borgum og það er engin tilviljun að erlendir ferðamenn leita þær uppi og borgarbúar spóka sig þar. Göngugötur gera verslunarumhverfi meira aðlaðandi en það alla jafna er og eiga stóran þátt í að skapa líflegan miðbæ með iðandi mannlífi, fjarri bílaumferð.

Unnendur einkabílsins andvarpa margir mæðulega í hvert sinn sem tilkynnt er um opnun göngugatna í Reykjavík enda takmarka þær óneitanlega möguleika þeirra á því að geta lagt bíl sínum fyrir framan áfangastað sinn. Bílaeigendur eiga ekki að hafa slíka þráhyggjukennda ást á farartæki sínu að þeir flokki það sem svívirðu að þurfa að leggja bílnum og ganga einhvern spöl. Hreyfing er holl, auk þess má margt sjá á göngu og þar mætist fólk og oft verða fagnaðarfundir. Svo er ekki eins og ómögulegt sé að fá bílastæði í miðborginni.

Kvartanir bílóðra landsmanna um að þeir komist ekki leiðar sinnar í miðbænum vegna bílastæðaskorts eru einfaldlega ekki byggðar á traustum grunni. Í miðborginni eru 1.144 stæði í bílahúsum bílastæðasjóðs, 250 stæði í bílakjallara Hafnartorgs og í Hörpu eru 545 stæði. Bílaeigendur verða að sætta sig við þann raunveruleika, sem er alls ekki sársaukafullur, að það er pláss fyrir bílaumferð á ákveðnum svæðum en annars staðar á hún ekki erindi. Þá verða bílaeigendur að skilja bíla sína eftir á bílastæðum og af þeim er nóg. Svo geta þeir náttúrlega líka tekið strætó.

Allir hafa gott af því að fara einstaka sinnum í strætisvagn. Strætó er miklu betri kostur en margir ætla. Ekki er ýkja langt síðan alltof langt var á milli ferða en það hefur stórlagast. Nú er yfirleitt hægt að komast leiðar sinnar á þægilegan hátt á skömmum tíma. Viðhorfið til strætisvagnaferða hér á landi einkennist þó af furðulegu snobbi, það er eins og ekki þyki fínt að temja sér þann ferðamáta. Hefur einhver séð forstjóra í strætó?

Ráðamenn þjóðarinnar, sem bera ábyrgð í mörgum málum, ættu að gera sitt til að breyta þessu viðhorfi. Þeir sem eru með einkabílstjóra ættu að gefa honum frí í eins og eina viku og þau fyrirmenni sem sýna þá hógværð að keyra sjálf ættu að leggja bíl sínum og taka strætó eins og alþýðan. Algjörlega nýr reynsluheimur myndi opnast fyrir fína fólkinu. Í strætó væri skyndilega stétt með stétt. Sannarlega skemmtileg tilbreyting. Síðan má svo vippa sér út úr vagninum, spássera um göngugöturnar og kynnast mannlífinu og fólkinu í borginni. Ráðamenn hafa tekið sér margt vitlausara fyrir hendur.

**Algjörlega nýr reynsluheimur myndi opnast fyrir fína fólkinu.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Læk-her Pírata**
**Píratar í borgarstjórn sendu fjölmiðlum fréttatilkynningu í gær þar sem vakin var athygli á nýsamþykktri tillögu um íbúaráð í borginni. Tillaga sem virðist til þess fallin að auka lýðræði í borginni sem hlýtur að teljast jákvætt. Það sem var jafnvel enn áhugaverðara var önnur síða tilkynningarinnar sem hefur væntanlega óvart slæðst með. Þar var farið yfir strategíuna við kynningu málsins og samskipti við fjölmiðla. Borgarfulltrúar áttu svo að deila á samfélagsmiðlum og virkja átti læk-her. Þegar jafnvel Píratar eru farnir að hrasa í glímunni við tæknina, hvaða von eigum við hin?**

**Konungur á gestalista**
**Utanríkismálanefnd hefur sett saman áhugaverðan gestalista fyrir fund dagsins um þriðja orkupakkann. Þar má meðal annars finna forsetateymi ASÍ, kanónur frá Viðskiptaráði og Frosta Sigurjónsson. Lengsta tímann fær hins vegar svissneski lögspekingurinn Carl Baudenbacher. Hann var lengi forseti EFTA-dómstólsins og var dómarinn sem dæmdi í IceSave-málinu á sínum tíma. Norskir fjölmiðlar hafa kallað hann „Konung EES“ og „einn valdamesta mann Noregs“. Það verður án efa fróðlegt að sjá hvað hann hefur að segja um orkupakkann.**

sighvatur@frettabladid.is
arib@frettabladid.is

# Hringanafnavitleysa



Hanna Katrín Friðriksson
þingmaður Viðreisnar

Ef þú ert karlmaður máttu heita Marzelíus eða Marsellíus en ekki Marzellíus. Þar er vísað til mannanafnalaga sem segja að nafn skuli geta tekið íslenska eignarfallsendingu eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Nafnið megi ekki brjóta í bága við íslenskt málkerfi. Þannig að augljóslega ekki Marzellíus, bara Marzelíus eða Marsellíus.

Eða hvað?

Samkvæmt úrskurði mannanafnanefndar sem birtist í liðinni viku var nafninu Marzellíus hafnað þar sem ritháttur nafnsins hefur ekki unnið sér hefð í íslensku máli. Nú er orðið hefð örugglega teygjanlegt hugtak í huga einhverra, en engu að síður er það umhugsunarefni að Marzellíus hefur um langt skeið verið nokkuð algengt nafn á Vestfjörðum og Vestfirðir tilheyrðu Íslandi síðast þegar ég vissi. Það muna örugglega fleiri en ég eftir Skipasmíðastöð Marzellíusar sem nefnd var í höfuðið á stofnandanum honum Marzellíusi. Og á Ísafirði býr a.m.k. einn Marzellíus sem fær meira að segja að hafa nafnið sitt svo ritað í Þjóðskrá. En hann var reyndar skírður áður en mannanafnanefnd komst að þeirri niðurstöðu á grunni mannanafnalaga að það væri ekki hefð fyrir nafninu. Sem sagt, of gamall til að vera hefð!

Botnar einhver í þessari vitleysu? Vill einhver þessa vitleysu?

Yfirlýst markmið núgildandi mannanafnalaga er m.a. að vinna að varðveislu íslenska mannanafnaforðans og íslenskra nafnasiða. Forsjárhyggja af því tagi sem lögin leiða af sér á ekki heima í nútímasamfélagi. Ef Íslendingar vilja varðveita íslensk nöfn og nafnahefð, og ekkert bendir til annars en að svo sé, þá gera þeir það sjálfir án valdboðs stjórnvalda. Alþingi er nú með til meðferðar frumvarp Viðreisnar um breytingar á mannanafnalögum þar sem markmiðið er að tryggja rétt einstaklinga til að bera þau nöfn sem þeir kjósa. Í um þúsund ár hafði íslensk þjóð fullt og óskorað frelsi til að nefna börn sín þeim nöfnum sem hún vildi. Þetta frelsi skilaði þeirri nafnahefð sem Alþingi hefur síðustu áratugi talið þörf á að festa í sessi með verulega íþyngjandi hætti fyrir almenning.

Er ekki kominn tími til að treysta fólki aftur fyrir eigin nöfnum?

**Er ekki kominn tími til að treysta fólki aftur fyrir eigin nöfnum?**




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Framtíðin brosir enn við Brasilíu

Í DAG
Þorvaldur Gylfason



Rio de Janeiro – Argentína var þrisvar sinnum ríkari en Brasilía mælt í þjóðartekjum á mann þegar löndin tóku sér sjálfstæði, Argentína 1816 og Brasilía 1822. Argentína stóð þá skammt að baki Spánar á þennan kvarða en Brasilía var aðeins hálfdrættingur á við Portúgal. Þegar Argentína var ríkasta land heims árin fyrir aldamótin 1900 var landið átta til tíu sinnum ríkara en Brasilía mælt í tekjum á mann. Á valdatíma Peróns forseta í Argentínu 1944-1955 var munurinn fimm- til sexfaldur Argentínu í vil.

Síðan hefur dregið saman með löndunum tveim. Nú eru tekjur á mann í Argentínu aðeins um þriðjungi hærri en í Brasilíu. Ýmsir félagsvísar hníga í sömu átt. Árið 1960 gat nýfætt barn í Argentínu vænzt þess að lifa ellefu árum lengur en nýfætt barn í Brasilíu. Nú er munurinn aðeins eitt ár. Meðalævilengd Argentínumanna er nú tæplega 77 ár (eins og hún var á Íslandi 1980) á móti tæplega 76 árum í Brasilíu (Ísland 1975). Brasilía hefur tekið skjótari framförum en Argentína.

**Stefan Zweig í Brasilíu**

Þetta sá austurríski rithöfundurinn Stefan Zweig fyrir þegar hann settist að í Brasilíu 1940, gyðingur á flótta frá Evrópu undan nasistum. Hann hafði fyrst flúið til Englands 1934 og þaðan til Bandaríkjanna og áfram til Brasilíu. Zweig hafði kynnzt Suður-Ameríku á PEN-þinginu í Buenos Aires 1936, heimsþingi rithöfunda þar sem Halldór Kiljan Laxness flutti og fékk samþykkta tillögu til varnar friði og fórnarlömbum fasista í Evrópu. Halldór sagði frá því síðar að Zweig hefði orðað við sig á þinginu þá hugmynd að flytjast til Íslands. En Brasilía varð ofan á.

Zweig sagðist aldrei hafa séð fegurri sjón en á innsiglingunni til Rio de Janeiro. Hann bjó þar ásamt konu sinni og í nærsveitum í hálft annað ár, fór víða um landið og gekk frá fjórum bóka sinna til útgáfu: Brasilía: Framtíðarlandið, Manntafl, Veröld sem var og Balzac.

Íbúð Zweig-hjónanna í Petropólis skammt fyrir norðan Ríó er nú safn til minningar um þau, Casa Stefan Zweig. Manntafl tengist Íslandi á þann veg að margir telja að fyrirmynd söguhetjunnar, skáksnillings sem forðast taflborð eins og heitan eld af ótta við að missa vitið, hljóti að vera íslenzki hæstaréttarlögmaðurinn Björn Kalman þar eð þekkt æviatriði hans séu svo nauðalík lýsingum Zweigs í bókinni. Um þessa kenningu hafa m.a. Garðar Sverrisson rithöfundur og Guðmundur G. Þórarinsson fv. alþingismaður birt fróðlegar ritgerðir í Lesbók Morgunblaðsins og verður þeim íslenzka vinkli sögunnar vonandi haldið til haga í Casa Stefan Zweig í Petropólis þar sem Manntafl er í forgrunni safnsins.

**Fegurð landsins**

Brasilía: Framtíðarlandið er falleg bók. Zweig lýsir því þar líkt og í sjálfsævisögunni Veröld sem var að hann tapaði öllu tvisvar, fyrst í fyrra stríði og síðan aftur í hinu síðara. Hann leit á sig sem Evrópumann í fyrsta lagi og Austurríkismann í öðru lagi. Að tapa Evrópu aftur í hendur vitfirrtra þjóðrembla olli honum djúpri þjáningu. Þess vegna þótti honum Brasilía svo undurfögur. Hann hafði fundið landið þar sem börnin – allavega á litinn, súkkulaði, mjólk, kaffi – leiðast hlæjandi heim úr skólanum, landið þar sem tunga heimamanna á engin ókvæðisorð eins og þau sem hvítir Bandaríkjamenn nota sumir jafnvel enn um svarta meðbræður sína og systur. Zweig ýkti. Hann ýkti alltaf, það var hans stíll. Brasilía var ekki alveg laus við fordóma og mismunun þótt minna færi þar fyrir slíku en í Bandaríkjunum eða Evrópu sem stóð í björtu báli og þar sem helförin gegn gyðingum kostaði þegar upp var staðið sex milljónir mannslífa.

**Að sjá roða nýs dags**

Þótt Stefan Zweig lyki fjórum snilldarverkum þann stutta tíma sem hann bjó í Brasilíu, þ.m.t. þrjár beztu bækurnar hans að margra dómi, Manntafl, Veröld sem var og Balzac, þá dugði það ekki til að lyfta af honum þungu oki þeirrar þjáningar sem stríðið í Evrópu olli honum, stríð sem enginn gat vitað 1942 hvernig myndi ljúka. Sextugur að aldri, eftir aðeins átján mánaða vist í nýjum heimkynnum sem hann elskaði, ákvað Zweig að stytta sér aldur og þau hjónin bæði saman. Hún hét Elisabet Charlotte Altmann, kölluð Lotte, og var 27 árum yngri en hann.

Zweig skildi eftir sig bréf sem hangir á vegg í Casa Stefan Zweig. Bréfinu lýkur með þessum orðum í þýðingu Þórarins Guðnasonar læknis:

„Svo kveð ég alla vini mína. Vonandi lifa þeir það að sjá roða nýs dags eftir þessa löngu nótt. En mig brestur þolinmæði, og því fer ég á undan þeim.“




SAMRÁÐ OG SAMTAL UM DRÖG AÐ KERFISÁÆTLUN 2019–2028

Við kynnum drög að nýrri kerfisáætlun á opnum fundum víðs vegar um landið á næstu vikum. Að kynningu lokinni gefst fundargestum tækifæri til að ræða við fólkið sem vinnur að gerð áætlunarinnar yfir kaffibolla.

**Við bjóðum til samtals á eftirfarandi stöðum :**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | Þriðjudaginn **14. maí** | kl. 8.30-10.30 | Grand Hótel |
| Akureyri | Miðvikudaginn **15. maí** | kl. 14.00-16.00 | Hótel KEA |
| Neskaupstaður | Fimmtudaginn **16. maí** | kl. 14.00-16.00 | Safnahúsið Neskaupstað |
| Grundarfjörður | Föstudaginn **17. maí** | kl. 12.30- 14.30 | Samkomuhús Grundarfjarðar |
| Hella | Mánudaginn **20. maí** | kl. 12.00-14.00 | Stracta Hótel |
| Vestmannaeyjar | Mánudaginn **20. maí** | kl. 19.30-21.00 | Akóges |
| Ísafjörður | Þriðjudaginn **21. maí** | kl. 15.00-17.00 | Hótel Ísafjörður |

**Komdu og kynntu þér hvað er verið að gera til að tryggja leiðina inn í framtíðina sem við vitum að verður rafmagnaðri en áður.**

Drög að skýrslunni er að finna á www.landsnet.is

LANDSNET

# Samhengislaust stjórnarráð, aftur



**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson**
formaður Miðflokksins

Í um tvo áratugi hef ég fjallað töluvert um þróun byggðarinnar í miðbæ Reykjavíkur. Gamli bærinn í höfuðborg Íslands er ekki stór en hann var engu að síður merkilegur. Það voru ekki hallir eða önnur glæsileg stórhýsi sem gerðu miðbæ Reykjavíkur merkilegan. Það voru þvert á móti litlu húsin, marglitu bárujárnshúsin og önnur fíngerð timburhús, íslenska steinsteypuklassíkin og hús eins og Stjórnarráðið. Stjórnarráðið vekur einmitt athygli fyrir hversu lítil og hófstillt byggingin er, þrátt fyrir hlutverkið og hina merku sögu.

**Virðingarleysi við söguna**

Í ljósi þess hvað miðbær Reykjavíkur er lítill og fíngerður, og byggir sérstöðu sína á því fremur en öðru, hefur borgin haft meiri þörf fyrir að vernda byggðina en nokkur önnur evrópsk höfuðborg. Það er því undarlegt og oft á tíðum sorglegt hversu verndunarsjónarmið hafa átt erfitt uppdráttar í borginni.

Vakning hófst fyrir nærri 50 árum þegar hópur fólks stóð vörð um Bernhöftstorfuna þegar til stóð að rífa byggingarnar sem þar standa og reisa í staðinn nýja stjórnarráðsbyggingu. Síðan þá hefur við og við verið litið til sjónarmiða verndunar án þess að þau hafi fest sig í sessi eins og í öðrum löndum. Síðast varð vakning í þessum málum snemma á þessari öld. Þensla þess tíma hafði getið af sér umfangsmikil áform um að „byggja yfir“ gamla bæinn. Þau áform vöktu marga til umhugsunar og ég taldi að Reykjavík myndi loksins taka upp stefnu eins og þá sem ráðið hafði för annars staðar í Evrópu í hálfa öld. Svo kom bankahrunið og bjargaði hluta byggðarinnar, um sinn. Ekki leið þó á löngu áður en rúmmetravæðingin náði nýjum hæðum í formi stáls, steinsteypu og glers.



Vinningstillagan.

Upp við elstu byggð Reykjavíkur og skáhallt á móti Stjórnarráðinu og Bernhöftstorfunni hefur farið fram einhver umfangsmesta uppbygging miðbæjarins. Á sínum tíma hafði mér tekist að fá fram endurskoðun þeirra áforma með það að markmiði að framkvæmdirnar féllu betur að umhverfinu. Ekki mátti þó bregða sér af bæ án þess að allt færi í fyrra horf.

Hið litla stjórnarráð er nú komið í annað og nýtt samhengi sem er síður en svo til þess fallið að undirstrika hinn lágstemmda mikilfengleika þess.

**Ný stjórnarráðsbygging**

Þegar ég var í forsætisráðuneytinu var aftur farið að skoða hugmyndir um viðbyggingu við Stjórnarráðið. Ráðuneytið komast ekki allt fyrir í gamla húsinu og útlit var fyrir að það missti skrifstofur sínar í næstu húsum vegna hótelvæðingar miðbæjarins. Þörfin bauð þannig upp á tækifæri til að fegra bakgrunn hinnar sögufrægu byggingar og skapa sterka heild.



Stjórnarráðsbyggingar Færeyja.

Nú hefur fjölgað mikið í ráðuneytinu á skömmum tíma og búið er að halda samkeppni um hönnun viðbyggingar. Miðað við niðurstöðurnar virðist ekki hafa verið veitt skýr leiðsögn um til hvers væri ætlast.

Vinningstillagan minnir óneitanlega á stjórnarráðsbygginguna sem átti á sínum tíma að rísa í stað gömlu húsanna á næsta reit við gamla stjórnarráðið. Nú á nýbyggingin að standa á bak við þá gömlu en ekki við hliðina á henni og vissulega er um talsvert minni byggingu að ræða. Ég ætla enda ekki að setja út á húsin sem slík (hvorki tillögu ársins 1971 eða 2019) eða að efast um færni hönnuðanna. Það sem ég set út á er að slíkt hús sé byggt á þessum stað í þessum tilgangi.

Þeir eru ekki margir staðirnir í Reykjavík þar sem varðveist hefur það sem kallast getur heildstæð gömul götumynd. Þó hafa austurhlið Lækjargötu og Bankastrætið að mestu náð að varðveita söguleg einkenni sín. Sú staðreynd veitir stjórnarráðsbyggingunni nauðsynlegt samhengi og dálítið mótvægi við þróunina vestan lækjarins.

**Væri ekki ráð að viðbygging við Stjórnarráðshúsið, eitt elsta og sögufrægasta hús landsins, verði ekki tískuhús heldur yfirlætislaust, vinhlýtt og prúðmannlegt og í þokkafullu sambandi við jörð sína og loft?**

Tillagan um nýja stjórnarráðið setur þar strik í reikninginn. Þótt byggingin sé ekki há fer hún ekki fram hjá neinum. Byggingin væri ekki til þess fallin að styrkja merkilegustu heildarmynd bæjarins, þvert á móti. Heildarmynd í hjarta Reykjavíkur sem hefur varðveist vegna sögulegra tilviljana og baráttu liðinna áratuga. Vissulega er lóðin nú óbyggð en í þéttbýli mynda húsin einingu og geta því ekki bara skoðast hvert um sig.

Ekki þarf að líta lengra en til Færeyja til að finna meiri virðingu fyrir sögunni en við eigum að venjast í Reykjavík. Stjórnarráðshverfið á Þinganesi í Þórshöfn er heildstæð byggð fallegra gamalla húsa sem mörg hver eru prýdd torfþaki. Hvers vegna ekki að nota tækifærið sem nú gefst til að undirstrika sambærilega kosti í umhverfi Stjórnarráðsins í Reykjavík (hvort sem menn vilja hafa torfþak eða ekki)?

**Laxness og stjórnarráðsbyggingin**

Þegar baráttan um Torfuna og nýja stjórnarráðsbyggingu stóð sem hæst, árið 1971, ritaði Halldór Laxness grein í Morgunblaðið undir fyrirsögninni „Brauð Reykjavíkur“. Þar segir skáldið:

„Að öllu þessu athuguðu má segja meistaranum nafnlausa sem að ofan getur til hróss, að í staðinn fyrir að hafa forhliðina eintómar rúður, þá hefur hann gert ráð fyrir 44 lángrifum í miðhæðinni á kassa sínum sem hann kallar „nýa stjórnarráðshúsið“; en hætt er við að það dugi honum skamt og muni margur eftir sem áður tauta fyrir munni sér þetta Grettluorð: „og komið þér ekki þeim kassa á mig“.

Ýmsir sem reifað hafa gaungumóðir um tískuborgir sem svo eru kallaðar, en það eru þær borgir sem gánga fljótast úr tísku, slíkir pílagrímar munu þess minnugir hver hvíld og hressing það einatt var að hitta fyrir sér innanum gler og plast og ál fornhýsi með yfirsvip og andblæ liðinna tíða, hlutföll hvílandi í sjálfum sér og húsið alt í þokkafullu sambandi við jörð sína og loft án þess sólin hafi verið gerð að píslartæki á fólkið. Fyrri menn stóðu á jörðinni og vissu að himininn var á sínum stað en því eiga menn bágt með að trúa nú á tímum.

Á Bernhöftstorfunni standa enn fáein heldur lágreist hús. Ef ætti að brúka um þau lýsingarorð dytti manni helst í hug að kalla þau yfirlætislaus vinhlý og prúðmannleg, og mundu þær einkunnir ekki vera því fjarri að auðkenna þá menn ýmsa sem í þá daga settu bæarbraginn í Reykjavík eða jafnvel töluðu fyrir landið og þjóðina.“

Væri ekki ráð að viðbygging við Stjórnarráðshúsið, eitt elsta og sögufrægasta hús landsins, verði ekki tískuhús heldur yfirlætislaust, vinhlýtt og prúðmannlegt og í þokkafullu sambandi við jörð sína og loft?

Þér hefðuð alla vega ekki komið þessum kassa á mig.


# ERT ÞÚ SNILLINGUR Í GREININGUM OG ÚRVINNSLU?

## VIÐ LEITUM AÐ ÖFLUGUM AÐILA TIL AÐ SJÁ UM GREININGU OG ÚRVINNSLU GAGNA FYRIR FRÉTTABLAÐIÐ, FRÉTTABLAÐIÐ.IS, MARKAÐINN OG GLAMOUR.

## KONUR JAFNT SEM KARLAR ERU HVÖTT TIL AÐ SÆKJA UM.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Rannsóknir og greiningar
- Söfnun, úrvinnslu og útgáfa upplýsinga
- Framsetning á gögnum
- Skýrslugjöf

**Menntun- og hæfniskröfur**
- Þekking á Excel
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af öflun, greiningu og úrvinnslu gagna
- Reynsla af framsetningu og miðlun upplýsinga í mæltu og rituðu máli
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta
- Færni í mannlegum samskiptum

**Umsókn ásamt kynningarbréfi skal senda á storf@torg.is til og með 18 maí.**

Nánari upplýsingar veitir Jóhanna Helga Viðarsdóttir á johanna@torg.is

FRÉTTABLAÐIÐ MARKAÐURINN GLAMOUR FRÉTTABLAÐIÐ.IS TORG

# PIER



**KARME** stóll. 78 x 76 x H85/32 cm. ~~49.900 kr.~~ Nú 39.920 kr. **KARME** sófaborð. 120 x 56 x 47 cm. ~~39.900 kr.~~ Nú 31.920 kr. **KARME** sófi. 144 x 76 x 85/32 cm. ~~79.900 kr.~~ Nú 63.920 kr.

PIER

# 20-50%

## AF ÖLLUM SUMARVÖRUM



**SKREN** borð. Akasíuviður L200 x B100 x H77 cm.
~~59.900 kr.~~ Nú 47.920 kr.

**SPINDA** stóll. L70 x B66 x H85 cm.
~~19.990 kr.~~ Nú 15.992 kr.

50%



**PANDRA** stóll. 42 x 40 x H94 cm.
~~9.990 kr.~~ Nú 4.995 kr.



**ZISA** borð. D60×H71 cm.
~~9.990 kr.~~ Nú 7.992 kr.

## SÉRTILBOÐ!



**GARDENIA** sett. Tveir stólar og borð, fæst í gráu og hvítu.
~~19.970 kr.~~ 12.990 kr.



**RUBY** gæra. Margir litir.
80 x 50 cm. 9.990 kr.



20%
AF ÖLLUM
BLÓMUM

A WORLD OF INSPIRATION
PIER
BRINGING IT HOME

## www.pier.is

SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS

Gildir 9. - 15. maí. *Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# Endurkoma ársins þegar Moura skaut Tottenham til Madrídar



Tottenham lenti 2-0 undir og virtist vera að mistakast á síðustu hindruninni í átt að úrslitaleik Meistaradeildarinnar en Tottenham gafst ekki upp og náði að knýja fram magnaðan sigur. Lucas Moura skoraði tvívegis í upphafi seinni hálfleiks sem virtist ekki ætla að duga Tottenham þar til Moura skoraði á ný á seinustu sekúndunni. Þetta verður í fyrsta sinn sem Spurs leikur til úrslita í Meistaradeild Evrópu. NORDICPHOTOS/GETTY

## Nýjast

**Pepsi-deild kvenna**

**Þór/KA - Fylkir 2-0**
1-0 Sandra Stephany Mayor Gutierrez (46.), 2-0 Andrea Mist Pálsdóttir (88.).

**KR - Valur 0-3**
0-1 Margrét Lára Viðarsdóttir (22.), 0-2 Elín Metta Jensen (80.), 0-3 Margrét Lára (84.)

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Valur | 6 | Þór/KA | 3 |
| Breiðablik | 6 | Fylkir | 3 |
| Stjarnan | 6 | KR | 0 |
| ÍBV | 3 | Keflavík | 0 |
| HK/Víkingur | 3 | Selfoss | 0 |

**Meistaradeild Evrópu**
*Undanúrslit*

**Ajax - Tottenham 2-3**
1-0 Matthijs De Ligt (5.), 2-0 Hakim Ziyech (35.), 2-1 Lucas Moura (55.), 2-2 Moura (59.), 2-3 Moura (90+5.).

Tottenham fer áfram á fleiri mörkum skoruðum á útivelli og leikur til úrslita 1. júní.

**Olís-deild karla**
*Undanúrslit*

**ÍBV - Haukar 30-27**
**ÍBV:** Kristján Örn Kristjánsson 6, Dagur Arnarsson 6, Sigurbergur Sveinsson 6, Hákon Daði Styrmisson 4, Gabríel Martinez Róbertsson 3, Fannar Þór Friðgeirsson 3, Elliði Snær VIðarsson 2.
**Haukar:** Orri Freyr Þorkelsson 5, Brynjólfur Snær Brynjólfsson 4,Daníel Ingason 4, Adam Baumruk 4, Heimir Óli Heimisson 3, Tjörvi Þorgeirsson 2, Ásgeir Örn Hallgrímsson 2, Atli Már Báruson 1, Jón Þorbjörn Jóhannsson 1, Einar Pétur Pétursson 1..

ÍBV jafnar einvígi liðanna í 2-2 og þarf því að grípa til oddaleiks. Liðin mætast á Ásvöllum á laugardaginn í oddaleik.

# Komið að ögurstundu hjá leikmönnum Arsenal

**FÓTBOLTI** Nágrannafélögin og erkifjendurnir Arsenal og Chelsea leika í kvöld seinni leiki liðanna í undanúrslitum Evrópudeildarinnar. Eru miklar líkur á því að liðin mætist í úrslitaleiknum sjálfum sem fer fram í Bakú.

Staða Arsenal fyrir seinni leikinn í Valencia er afar vænleg eftir 3-1 sigur Arsenal á Valencia í fyrri leik liðanna. Að sama skapi er pressa á Arsenal að landa Evrópudeildartitlinum til að öðlast þátttökurétt í Meistaradeild Evrópu á næsta tímabili. Til þess þarf Arsenal að vinna keppnina eftir að hafa misst af meistaradeildarsæti heima fyrir.




Spennan er meiri í einvígi Chelsea og Frankfurt. Chelsea náði útivallarmarki í Þýskalandi og er því í góðri stöðu fyrir leikinn í kvöld. **– kpt**

Fedasz Dental Hungary
sérfræðingar í tannlæknatúrisma

Sparið 50-70% á tannlæknaþjónustu í Ungverjalandi

Tannlækningar- Rannsóknarstofur
- Hótel á svæðinu!

Hafðu samband!
0036 70 942 9573
info@fedaszdental.hu






Frá æfingu landsliðsins í gær. MYND/KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

# Búinn að velja hópinn fyrir Smáþjóðaleikana

**KÖRFUBOLTI** Benedikt Guðmundsson tilkynnti í gær hvaða 25 leikmenn hann hefði valið í sinn fyrsta leikmannahóp sem þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í körfubolta. Hópurinn hefur hafið æfingar í undirbúningi sínum fyrir Smáþjóðaleikana sem fara fram um næstu mánaðamót.

Þetta verður fyrsta verkefni landsliðsins undir stjórn Benedikts sem tók við liðinu af Ívari Ásgrímssyni í vor. Keflavík á flesta leikmenn í æfingahópnum eða samtals átta, fjórum fleiri en ríkjandi Íslandsmeistarar Vals. Hildur Björg Kjartansdóttir er eina atvinnukonan en Guðlaug Björg Júlíusdóttir og Thelma Dís Ágústsdóttir leika í bandaríska háskólaboltanum.

Meiðsli komu í veg fyrir að Birna V. Benónýsdóttir úr Keflavík, Guðbjörg Sverrisdóttir úr Val, Jóhanna Björk Sveinsdóttir og Ragnheiður Benónísdóttir úr Stjörnunni og Unnur Tara Jónsdóttir úr KR gætu gefið kost á sér. **– kpt**

### Hópurinn í heild

Ásta Júlía Grímsdóttir · Valur
Ástrós Lena Ægisdóttir · KR
Auður Íris Ólafsdóttir · Stjarnan
Berglind Gunnarsdóttir · Snæfell
Björk Gunnarsdóttir · Breiðablik
Bríet Sif Hinriksdóttir · Stjarnan
Bryndís Guðmundsdóttir · Keflavík
Dagbjört Dögg Karlsdóttir · Valur
Embla Kristínardóttir · Keflavík
Emelía Ósk Gunnarsdóttir · Keflavík
Eva Margrét Kristjánsdóttir · Haukar
Guðlaug Björt Júlíusdóttir · Njarðvík
Gunnhildur Gunnarsdóttir · Snæfell
Hallveig Jónsdóttir · Valur
Helena Sverrisdóttir · Valur
Hildur Björg Kjartansdóttir · Celta Vigo
Katla Rún Garðarsdóttir · Keflavík
Salbjörg Ragna Sævarsdóttir · Keflavík
Sara Rún Hinriksdóttir · Keflavík
Sigrún Sjöfn Ámundadóttir Skallagrímur
Sigrún Björg Ólafsdóttir · Haukar
Sóllilja Bjarnadóttir · Breiðablik
Sylvía Rún Hálfdánardóttir · Þór A.
Thelma Dís Ágústsdóttir · Keflavík
Þóra Kristín Jónsdóttir · Haukar
Þóranna Kika Hodge-Carr · Keflavík

# Baldur tekur við Tindastól

**KÖRFUBOLTI** Baldur Þór Ragnarsson var í gær kynntur til leiks sem nýr þjálfari Tindastóls í karlaflokki fyrir næsta tímabil í Domino's-deild karla.

Hann tekur við liðinu af Israel Martin eftir að Martin og stjórn körfuknattleiksdeildar Tindastóls komust að samkomulagi um starfslok í vor.

Baldur stýrði spútnikliði Þórs Þorlákshöfn alla leiðina í undanúrslit Íslandsmótsins í vetur þar sem Þórsarar sendu Stólana í sumarfrí í átta liða úrslitunum.

Aðeins tæpt ár er liðið síðan hinn 29 ára gamli Baldur Þór tók við liði Þórs af Einari Árna Jóhannessyni og skrifaði undir þriggja ára samning í Þorlákshöfn. **– kpt**

# Jón Halldór snýr aftur í Keflavík

**KÖRFUBOLTI** Keflavík tilkynnti það í gær að Jón Halldór Eðvaldsson tæki við kvennaliði félagsins fyrir næsta tímabil í Domino's-deildinni. Honum til aðstoðar verður Hörður Axel Vilhjálmsson.

Jón Guðmundsson sem þjálfaði Keflavík í vetur hætti störfum að tímabilinu loknu þar sem Keflavík var sópað út úr úrslitunum af Val sem vann þrefalt.

Jón Halldór hætti með lið Keflavíkur vorið 2011 eftir að hafa stýrt liðinu til annars Íslandsmeistaratitilsins á fimm ára tímabili. **– kpt**

# Fólk

## Tíska

FIMMTUDAGUR 9. MAÍ 2019



Stjörnurnar klæddust margvíslegum og litskrúðugum fötum á Met Gala hátíðinni í New York. Sumir þóttu of djarfir á meðan aðrir þóttu glæsilegir. Serena Williams þótti þó vera í einstaklega hallærislegum kjól. →6






Svartur og ljósbrúnn eru tveir af uppáhaldslitum Gabríels Ólafs tónskálds og píanóleikara eins og sjá má glögglega hér. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Endingargóðar og fallegar flíkur bestar

Gabríel Ólafs er tvítugt tónskáld og píanóleikari sem samdi við breska útgáfufyrirtækið One Little Indian á síðasta ári. Fatastíllinn hans er mínimalískur og snyrtilegur en meðal tískufyrirmynda hans er David Bowie. →2



„Ég kaupi sjaldan föt en kaupi vönduð föt sem duga lengur. Þau eru stundum dýr en þurfa ekki endilega að vera það,“ segir Gabríel Ólafs.

**Framhald af forsíðu** ➜

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Tónskáldið og píanóleikarinn Gabríel Ólafs kemur fram á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves sem haldin verður í Reykjavík í byrjun nóvember. Gabríel vakti talsverða athygli á síðasta ári þegar hann gerði samning við breska útgáfufyrirtækið One Little Indian, þá 19 ára gamall, en útgáfufyrirtækið gefur m.a. út plötur Bjarkar. Á þeim tíma hafði hann ekki enn gefið út tónlist á plötu en vakið athygli fyrir lagasmíðar sínar sem höfðu birst á netinu.

Hann segir tónlist sinni svipa til kvikmyndatónlistar enda eru nokkrir af helstu áhrifavöldum hans Jóhann Jóhannsson og Ludovico Einaudi sem m.a. samdi tónlistina fyrir hina vinsælu frönsku kvikmynd The Intouchables. „Ég er líka mikill kvikmyndaunnandi og fer oft í bíó auk þess að sækja mikið tónleika. Góður matur með fjölskyldu og vinum er líka ofarlega á listanum en satt að segja er ég megnið af tíma mínum í stúdíóinu.“



Brúnn, gulur og jarðartónar eru áberandi hér hjá Gabríel Ólafs.

## Spenntur fyrir framhaldinu

Hann segist afar ánægður og spenntur yfir samningnum við One Little Indian. „Ég kláraði að semja og taka upp mína fyrstu plötu á liðnu ári sem kemur út bráðlega. Undanfarna mánuði hef ég verið að halda mína fyrstu tónleika í Evrópu með eigið efnið og það hefur gengið nokkuð vel. Á Airwaves í nóvember mun ég bjóða gestum upp á frumsamda ljúfa píanótónlist og verð með framúrskarandi strengjakvartett með í för.“

Hann lýsir fatastílnum sínum sem mínimalískum og snyrtilegum og segist alltaf hafa laðast að skyrtum, gollum og jökkum síðan hann var lítill. „Ég mundi segja að helstu tískufyrirmyndir mínar séu píanóleikarinn Bill Evans, David Bowie og teiknimyndapersónan Tinni.“

*Hvernig hefur tískuáhugi þinn þróast?*

Í raun hefur klæðnaður minn lítið breyst í gegnum árin. Ég hef alltaf klætt mig eins og mér finnst passa best við mig.

*Hvar kaupir þú helst fötin þín?*

Stundum heima á Íslandi en annars ferðast ég mikið til London og þá reyni ég stundum að kaupa föt í leiðinni.

*Hvaða litir eru í uppáhaldi?*

Beige/ljósbrúnn, brúnn, gulur, jarðartónar, hvítur og svartur.

*Hvaða flík hefur þú átt lengst og notar enn þá?*

Þótt ekki sé hægt að kalla gleraugu flík þá hef ég notað sama Oliver Peoples gleraugnarammann í rúmlega átta ár og er enn sáttur við hann.

*Áttu þér uppáhaldsverslanir heima og erlendis?*

Kormákur og Skjöldur og Geysir eru í uppáhaldi hér heima. Erlendis er það Brooks Brothers. Ég reyni samt að leita sem víðast og jafnvel kaupa notuð föt. Ég reyni að velja föt sem ég veit að ég mun nota mikið, frekar en að kaupa mikið og nota fátt.

*Áttu eina uppáhaldsflík?*

Það er ljósi Ben Sherman frakkinn minn. Einnig verð ég að nefna Joe Boxer náttbuxurnar mínar því það er mikilvægt að hugsa líka um þægindin.

*Bestu og verstu fatakaupin?*

Ég hef gert ákaflega góð kaup á markaði í London þar sem ég keypti m.a. „vintage“ rauða Levi's jakkann minn sem ég nota mikið. Þegar kemur að slæmum kaupum hef ég átt það til að kaupa ýmiss konar slaufur í herrafataverslunum þó að ég noti aldrei slaufur og velji nær alltaf bindi.

*Eyðir þú miklu í föt miðað við jafnaldra þína?*

Ég kaupi sjaldan föt en kaupi vönduð föt sem duga lengur. Þau eru stundum dýr en þurfa ekki endilega að vera það.

*Notar þú fylgihluti?*

Ég er oftast með belti og Daniel Wellington úr sem ég hef notað mikið.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,


MOS MOSH
20%
afsláttur
af völdum
MOS MOSH vörum
hjá
Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Út úr skyndibitatískunni

Íris Sif Kristjánsdóttir klæðskeri rekur Íris – Saumaverkstæði og sérsaumar fatnað úr evrópskum gæðaefnum. Hún gagnrýnir vinnuaðbúnað í tískuiðnaðinum og skyndibitatísku.

Það hefur aukist alveg gríðarlega undanfarin ár að Íslendingar vilji kaupa vandaðri flíkur, gera við gamlar eða láta sérsauma fyrir sig. Við erum hægt og sígandi að fara út úr skyndibitatískunni og á sama tíma eykst eftirspurn eftir klæðskerum,“ segir Íris.

„Það er ekki eðlileg neysla á fatnaði í dag, að við kaupum ný sparíföt fyrir hvert einasta tilefni. Í gamla daga áttu karlmenn ein sparijakkaföt og konur áttu sín sparíföt, dragt eða kjól og það dugði. Það var vel saumað úr vönduðum efnum sem entust. Núna breytist tískan hratt þar sem auðvelt er fyrir okkur að fara og kaupa. Þetta er skyndibitatíska og fötin hafa stuttan endingartíma.“

Íris leggur áherslu á að kaupa vönduð efni sem hún flytur sjálf inn frá Serbíu. „Maðurinn minn er frá Serbíu og ég hef verið að kynna mér heildsala þar undanfarin ár. Þeir bjóða upp á góð efni frá Ítalíu, Þýskalandi og Tyrklandi. Ég vil helst ekki kaupa efni frá Kína, það er gott að geta keypt sem mest frá Evrópu. Ég get þá hitt heildsalana og fæ að sjá hvaðan efnin koma.“



Íris segir Íslendinga vilja kaupa vandaðri flíkur.

## Dýrt að sérsauma

„Maður lendir stundum í því að þurfa að svara fyrir að vera með dýra þjónustu. Það er dýrt að láta sérsauma flíkur á sig enda á fatnaður að vera tiltölulega dýr. Það er ekki eðlilegt að ganga inn í búð og kaupa buxur eða kjól á 1.000-1.500 krónur. Það er sönnun þess að efnið er ódýrt, fötin voru saumuð á ótryggum, oft hættulegum vinnustað, af óþjálfuðu, ófaglærðu fólki, oft í skuldaánauð og þrælkunarvinnu. Það á ekki að gerast í dag, við þurfum að spyrna við fótum gegn þessu.

Íris opnaði saumaverkstæðið í janúar 2018 en áður var hún með vinnustofu heima hjá sér.

„Ég sá fullkomið húsnæði laust á Snorrabraut og ákvað að slá til. Sérstaklega af því að það er bara nánast engin þjónusta af þessu tagi eftir í miðbænum. Þetta var alveg fullkomin tímasetning og staðsetning.“

„Ég hef aldrei þurft að auglýsa mig, bæði er það staðsetningin sem hjálpar og góður orðstír. Ég vinn mikið út frá því að viðskiptavinir séu ánægðir og segi þá öðrum frá,“ segir Íris.

Hún segir allan skalann af fólki koma til hennar. „Helstu verkefnin eru þessar klassísku breytingar og viðgerðir en svo er þetta svolítið árstíðabundið. Það kemur törn í kringum fermingar, útskriftir og jól. Annars er brjálað að gera allt árið. Fólk er bara að gera sér grein fyrir því að ef það kaupir vandaðar flíkur þá er hægt að gera við þær og viðhalda þeim.“

Íris hannar ekki fötin sjálf en segir að fólk geti komið með ljósmyndir og pælingar og hún hjálpi því að útfæra flíkurnar á nýjan hátt.

„Ég sauma ekki eftir annarra manna hönnun, ég er ekki hrifin af því, þá getum við frekar reynt að útfæra flíkurnar á nýjan hátt. Við tökum ekki þátt í því að stela annarra manna hönnun.“

## Skemmtilegt með nemum

Íris hefur unnið með hönnunarnemum sem hún segir vera skemmtilegustu verkefnin sem hún fær á borð til sín. Þá fær hún oft tækifæri til að fara út fyrir kassann. Hún var einmitt að klára fyrir nokkrum dögum stórt verkefni fyrir Sigmund Pál Freysteinsson, útskriftarnema í fatahönnun í LHÍ, en þau gerðu sex yfirhafnir fyrir útskriftarlínu hans sem var sýnd á útskriftarsýningu skólans um daginn.

„Klæðskurður er svolítið ferkantað fag, þetta er svo mikil verkfræði og byggir á útreikningum, mikilli nákvæmni og gömlum reglum. Þegar ég vinn með hönnunarnemum og ungum hönnuðum þá fær maður að leika sér svolítið með þeim,“ segir Íris og bætir við: „Í fatahönnun og klæðskurði er nánast ekkert sem er ómögulegt. Ef maður lítur á tískuhús eins og Maison Margiela, Comme des Garçons eða Alexander McQueen, þá fara hönnuðirnir út fyrir rammann í öllum sínum sýningum. Þá skiptir sterkt klæðskerateymi mestu máli.“

Íris segist ekki vera í neinu stóru verkefni en hún hefur verið að leika sér að sníðagerð fyrir sjálfa sig sem hún gæti sett í sölu. „Þar er ég að hugsa um að vinna út frá hugmyndinni á bak við „slow fashion“.“




SHIMANO
RolfPRIMA
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
TRI
TRI VERSLUN
TRI VERKSTÆÐI
TRI VEFVERSLUN
FULCRUM
CUBE 2019 reiðhjólin eru komin!
CUBE STEREO
CUBE AIM "27.5
CUBE ATTAIN
TRI VERSLUN / TRI VEFVERSLUN / TRI VERKSTÆÐI
TRI VEFVERSLUN
WWW.TRI.IS
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
Sími:571 8111 Netfang: info@tri.is
STAGES
STAGES
Tacx
LOUISGARNEAU
ParkTool
ParkTool
DT SWISS
DT SWISS
SPORTVER Akureyri
Vaskur Egilsstaðir
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00


Gwen Stefani er glæsileg í silfri og hvítri skikkju sem liggur eins og slör á brúðarkjól.


Lady Gaga vekur auðvitað alltaf athygli. Að þessu sinni mætti hún í skærbleikum kjól .



FLOTT FÖT, FYRIR FLOTTAR KONUR
NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS
Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

# Litadýrð á Met Gala hátíðinni

**Fyrsta mánudag í maí kemur ríka og fræga fólkið saman á Met Gala fjáröflunardansleiknum í Metropolitan Museum of Art í New York. Met Gala hefur verið haldið árlega frá árinu 1948. Gestir klæðast eftir ákveðnu þema.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Það var Eleanor Lambert sem fyrst kom með hugmyndina að Met Gala í fjáröflunarskyni. Strax varð Met Gala að veislu ársins enda sóttust Hollywood-leikarar eftir að sýna sig þar auk helstu tónlistarmanna heimsins. Allt er lagt í sölurnar þegar fatavalið er annars vegar og því leggja margir leið sína að safninu til að líta dýrðina augum þegar fræga fólkið mætir á svæðið. Hátíðin hefst venjulega á rauða dreglinum þar sem stjörnurnar ganga upp frægar tröppur safnsins og ljósmyndarar safnast saman í kringum það. Ýmis þemu hafa verið í gegnum árin en oftast tengjast þau sýningum sem eru að fara í gang eftir veisluna hjá safninu.

Fyrstu árin var Met Gala eingungis miðnæturmatur og kostaði miðinn 50 dali sem þótti mikið á þeim tíma. Hátíðin fór fram á Waldorf-Astoria hótelinu í New York í fyrstu en færðist síðar yfir í Central Park. Þegar fyrrverandi ritstjóri Vogue, Diana Vreeland, varð ráðgjafi við Costume Institute í Met safninu árið 1972 varð Met Gala hátíðin tengdari tísku og glamúr. Þá fóru helstu tískuhönnuðir heimsins að sýna sig á hátíðinni ásamt þekktustu fyrirsætum.

Þema ársins 2019 er sótt til sýningarinnar Camp: Note on Fashion sem opnar á næstu dögum hjá Met en innblásturinn er fenginn úr ritgerð Susan Sontag frá árinu 1964 sem nefnist Notes on Camp. Susan var bandarískur rithöfundur, heimspekingur og kvikmyndagerðarmaður sem lét til sín taka á ýmsum sviðum.

Metropolitan Museum of Art eða Met Museum, eins og það er venjulega kallað, er eitt af frægustu söfnum í heimi. Þar eru sýnd listaverk sem sum hver eiga yfir 5.000 ára sögu. Á hverju ári heimsækja safnið yfir sjö milljónir manna. Þarna má finna verk eftir Leonardo da Vinci, Georgia O'Keeffe, Pablo Picasso, Monet, Van Gogh og marga fleiri snillinga fortíðarinnar.


30% afsláttur
af völdum vörum
fimmtudag, föstudag, laugardag
Ríta
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030


Tennisstjarnan Serena Williams var sannarlega í gleðilegum sumarkjól sem gagnrýnendur sögðu vera eins og eggjahræru með skinkubitum.


Fjaðraskraut var áberandi á hátíðinni. Kendall Jenner lét sitt ekki eftir liggja.



Sumarið leynir sér ekki í sólgylltu hári.

## Sólkysstir sumarlokkar

Með skínandi sumarsól er vel hægt að lýsa hárið á náttúrulegan hátt en gæta þarf varúðar til að hárið brenni ekki undan efniviðnum sem notaður er.

- Sítrónusafi lýsir hárið en aðgát skal höfð þar sem sítrónusýra getur brennt hárið. Best er að blanda sítrónusafa saman við hárnæringu eða kókosolíu til að verja hárið.
- C-vítamín getur líka lýst hárið um nokkra tóna. Leysið upp C-vítamíntöflu í vatni og setjið í spreybrúsa til að spreyja yfir hárið í sólinni.
- Vatn blandað salti gerir hárið ljósara og skerpir á lituðu ljósu hári. Blandið saman vatni og smávegis af salti í spreybrúsa og spreyið í hárið þegar sólin skín.
- Eplaedik fer einkar vel með hárið, leysir flækjur, gerir það mjúkt, losar olíu úr hársverðinum og lýsir hárið. Blandið saman einum hluta ediks við sex hluta vatns.



Ariana Grande birti mynd á Instagram af skjöldóttum nöglum.

## Skjöldótt er það allra heitasta

Svart/hvítt mynstur á nöglum er vinsælt um þessar mundir. Sérstaklega hvítt með svörtum doppum en slíkt naglalakk hafa þær sýnt opinberlega Ariana Grande og Kendall Jenner. Tískulöggur kalla þetta skjöldótt (eins og margar kýr eru) sem hafi yfir sér mikinn sjarma. Það þarf þó líklega naglafræðinga til að setja slíkt mynstur á neglurnar.

Stjörnurnar hafa sýnt naglalakkið á Instagram og fleiri hafa bæst í kjölfarið. Ef fylgt er #CowPrintNails koma margar myndir upp. Tískutímaritið Elle segir að þetta mynstur á nöglum hafi sést á fyrirsætum hjá Burberry, Moschino og hjá Victoriu Beckham.

Þá hafa nokkrar stjörnur sést í stígvélum í sama stíl. Glamour segir að þetta sé heitasta tískutrendið í sumar. Breska Metro segir að auðvelt sé að naglalakka sig sjálfur, fyrst með hvítu og setja síðan svartar doppur á eftir. Blaðið birtir nokkrar myndir því til staðfestingar.

# Sanngjörn tíska

Fair trade er stefna sem leggur áherslu á sanngjörn viðskipti. Stefnan hefur verið að ryðja sér til rúms innan tískuiðnaðarins undanfarin ár. Ýmsir fataframleiðendur leggja áherslu á að öll föt þeirra séu framleidd á sanngjarnan hátt. Ef fötin innihalda sanngirnisvottunarmerki Fair Trade USA, Fairtrade International eða Fair For Life, getur kaupandinn verið nokkuð öruggur um að þau séu framleidd við mannúðlegar vinnuaðstæður.

Til að vefnaðarvara fái sanngirnisvottun þarf hún að uppfylla ströng framleiðsluskilyrði. Meðal annars að starfsfólkið fái viðunandi laun og vinni ekki of langan vinnudag. Fleiri og fleiri leggja áherslu á að kaupa einungis sanngirnisvottaðar flíkur og tískusýningar með slíkum fatnaði hafa sprottið upp víða.








SMART FÖT, FYRIR SMART KONUR

NETVERSLUN WWW.TISKUHUS.IS

My Style tískuhús

Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464




SIGURBOGINN VEVERSLUN WWW.SIGURBOGINN.IS

SIGURBOGINN
SNYRTI- OG TÍSKUVÖRUVERSLUN

LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook




**Franski tískumógúllinn Jean-Paul Gaultier mætir hér á sýningu á Metropolitan-safninu í New York ásamt góðri vinkonu sinni, Madonnu. Gaultier er ekki óvanur því að hanna föt fyrir Eurovision-stjörnur.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Gaultier hannar fyrir Madonnu

Madonna mun stíga á sviðið í Tel Avív á úrslitakvöldi Eurovision. Hún verður í fötum frá stórvini sínum Jean-Paul Gaultier en þau hafa unnið saman áður og oft vakið athygli. Vinátta þeirra nær tugi ára aftur í tímann.

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is



Gríðarleg eftirvænting er hérna í Ísrael eftir að sjálf poppdrottningin Madonna stígi á svið í Tel Avív. Sögur herma að Madonna hafi persónulega hringt í Jean-Paul Gaultier, góðvin sinn, og beðið hann um að hanna eitthvað geggjað – eitthvað sem hæfði úrslitakvöldi Eurovision.

Þau hafa unnið lengi saman. Samstarfið hófst árið 1990 þegar Gaultier bjó til korselettið sem varð strax frægt. Korselettið var frum-

**» Gaultier er ekki ókunnugur Eurovision en hann gerði kjólinn sem Conchita Wurst var í þegar hún vann árið 2014.**

sýnt árið 1982 en vakti litla athygli þá en þegar Madonna klæddist því urðu til einhverjir töfrar.

Madonna mun fá eina milljón dollara fyrir að koma fram í Ísrael. Hún er ekki komin þangað þegar þetta er skrifað en búast má við að hún komi eftir slétta viku – taki eina æfingu áður en hún tryllir þær 200 milljónir sem verða límdar við skjáinn. Gaultier er ekki ókunnugur Eurovision en hann gerði kjólinn sem Conchita Wurst klæddist þegar hún vann árið 2014. Hún birtist síðar á pallinum á einni af sýningum hans.



**Madonna í hinu heimsfræga korseletti sem Gaultier hannaði og sló svo rækilega í gegn. Korselettið hannaði Gaultier fyrir Blond Ambitio- túrinn sem Madonna fór í um heiminn árið 1990.**



**Fá korselett samtímans hafa vakið jafn mikla athygli og þetta.**




**Madonna á sumarsýningu Jean-Pauls Gaultier árið 2006. Vinskapur þeirra nær tugi ára aftur í tímann.**

LANCÔME
PARIS




NEW SKIN FEELS GOOD

RAKAGEFANDI LITAÐ KREM • HEILBRIGÐUR LJÓMI • MEÐAL ÞEKJA
ÁN PARABENA / OLÍULAUST / VER GEGN SINDUREFNUM OG MENGUN.

MODEL FARÐAÐ MEÐ:
Skin Feels good 03N, TIU Camouflage 03, Blush subtil 11,
Ombre Hypnôse stylo skuggablýantur 24, Khol blýantur 01,
Monsieur Big augnabrúnablýantur 02, Grandiôse maskari 01,
Absolue Rouge varalitur 202.

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Verð frá 152.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**



2017 Nissan leaf 30 Kw. Ekinn aðeins 8 þús km. Raundrægni um 160 km. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Til afhendingar strax. 100% lán mögulegt. Verð: 2.890.000,-

**Sparibill ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

### Mótorhjól

*Ekkert próf. Engin trygging. Engin skráning.*



**BENSÍNSVESPA**
Fyrir 13 ára og eldri.
12 tommu felgur, EURO-4
minni eyðsla, minni mengum!
*Fermingartilboð.*
**Kr. 229.900,-**
NITRO
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA**
Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Garðyrkja

Tek að mér trjáklippingar og garðvinnu. Uppl. í s. 616 1569.

### Bókhald

Bókhald, vsk, ársuppgjör og framtöl. Lykilfjarmal@outlook.com eða sími 8404147.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Húsaviðhald

Húsasmíðameistari. Alhliða smíðavinna, tilboð eða tímavinna. Sími 888-8366 eða á thorarinnscheving@live.com

### Spádómar

Spái í spil,tek fólk heim. Tímapantanir. S. 891 8727. Stella. Geymið auglýsinguna.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Þjónusta






**HONDA**
**CR-V Executive**
Nýskráður 4/2016, ekinn 31 þús.km., bensín, sjálfskiptur,leðurinnrétting, dráttarkrókur
**Verð kr 4.090.000**
Afborgun krónur 53.126 á mánuði*



**HONDA**
**CR-V Lifestyle**
Nýskráður 1/2013, ekinn 75 þús.km., bensín, sjálfskiptur
**Verð kr 2.990.000**
Afborgun krónur 43.687 á mánuði*



**BÍLL DAGSINS**
**Honda CR-V Lifestyle 7 manna**
Nýskráður 11/2018, ekinn 1 þús.km., bensín, sjálfskiptur, sýningarbíll frá umboðinu
**Ásett verð 6.640.000**
Afborgun krónur 77.732 á mánuði*
**Tilboð kr. 5.990.000**



**HONDA**
**CR-V Lifestyle dísil**
Nýskráður 1/2013, ekinn 106 þús.km., dísel, sjálfskiptur, dráttarkrókur
**Verð kr 2.790.000**
Afborgun krónur 40.776 á mánuði*



**HONDA**
**Civic Comfort**
Nýskráður 6/2017, ekinn 21 þús.km., bensín, beinskiptur.
**Tilboð 2.290.000 Ásett verð 2.490.000**
Afborgun krónur 29.816 á mánuði*



**PEUGEOT**
**5008 Style 7 manna**
Nýskráður 6/2016, ekinn 67 þús.km., dísel, sjálfskiptur
**Verð kr 2.390.000**
Afborgun krónur 31.111 á mánuði*



**KIA**
**Carens Lux 7 manna**
Nýskráður 5/2018, ekinn 23 þús.km., dísel, sjálfskiptur
**Verð kr 4.190.000**
Afborgun krónur 54.421 á mánuði*



**CITROEN**
**C4 Grand Picasso 7 manna**
Nýskráður 5/2018, ekinn 33 þús.km., dísel, sjálfskiptur
**Verð kr 3.090.000**
Afborgun krónur 40.176 á mánuði*



**FORD**
**Grand C-max Titanium 7 manna**
Nýskráður 5/2018, ekinn 34 þús.km., bensín, sjálfskiptur
**Verð kr 3.390.000**
Afborgun krónur 44.061 á mánuði*

**Afgreiðslutími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga
milli kl. 12:00 og 16:00
**notaðir.bernhard.is**
opið allan sólarhringinn

**BERNHARD**
**NOTAÐIR BÍLAR**
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

# Keypt & Selt

## Til sölu


mýranaut

Gæða ungnautakjöt í 10 ár beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204


## Óskast keypt


**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**



Barnaheill Save the Children á Íslandi

Vissir þú að... börn eiga rétt á vernd og umönnun


# Húsnæði

## Húsnæði í boði


**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**


## Húsnæði óskast

**SENDIRÁÐ ÓSKAR EFTIR ÍBÚÐ.**

Þýska sendiráðið óskar eftir 5. herb. íbúð án húsgagna helst m/bílskúr til leigu frá 15.07.2019 í fjögur ár í Reykjavík eða nágrenni. Upplýsingar sendist vinsamlegast á info@reykjavik.diplo.de eða s. 530 1100

## Atvinnuhúsnæði

**ATVINNUHÚSNÆÐI**

TIL LEIGU 50 m2 Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús Facebook: steinhella 14. S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði


**GEYMSLURTILLEIGU.IS SÍMI: 414-3000**

Gerðu verðsamanburð !

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



Barnaheill Save the Children á Íslandi

Vissir þú að... holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á



VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is geiri www.geiriehf.is

**Lagerhreinsun notað og nýtt Að Fosshálsi 25**

*Vegna sameiningar á fyrirtækjunum Verslunartækni og Geiri tökum við til á lagernum og rýmum fyrir nýjum vörum*

*Ath. ljósmyndir og lýsing á öllum tækjum inn á facebook Verslunartækni*

**allt að 75% afsláttur**

**byrjar í dag**



*Opið virka daga ...... kl.10-16*
*laugardaga ........... kl. 11-15*

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is geiri www.geiriehf.is
Draghálsi 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300 -
verslun@verslun.is


# Tilkynningar

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Lýsing deiliskipulagsáætlunar við Austurveg milli Sigtúns og Fagurgerðis á Selfossi.

Samkvæmt 1.mgr.40.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing deiliskipulagsáætlunar við Austurveg milli Sigtúns og Fagurgerðis á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.
Um er að ræða deiliskipulag á skipulagssvæði sem skilgreint er sem íbúðarsvæði og miðsvæði. Skipulagssvæðið afmarkast af Austurvegi í suðri, Sigtúni í vestri, Árvegi í norðri og Fagurgerði í austur. Svæðið er um 48.400 m2 að stærð.
Í fyrirhugaðri deiliskipulagstillögu verða skilgreindir byggingarreitir innan lóða. Tiltekið verður meðal annars hámarksbyggingarmagn (nýtingarhlutfall) innan hvers reits og hámarks hæð húsa. Nýtingarhlutfall lóða á íbúðarsvæðum er 0.3 – 0.45 en á miðsvæðum á bilinu 1.0 – 2.0. Ef um er að ræða mögulega hættu vegna flóða verður tilgreind lágmarks hæð gólfkóta íbúðarhúsa. Hæð botnplötu ber að vera yfir flóðalínu.
Lýsing deiliskipulagsáætlunarinnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi og í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2 Selfossi á skrifstofutíma frá kl. 8-15. Skriflegum ábendingum er hægt að koma á framfæri á sama stað og á netfangið bardur@arborg.is fyrir 24. maí 2019. Einnig er hægt að kynna sér lýsinguna á heimasíðu Sveitarfélagsins, http://www.arborg.is

*Virðingarfyllst,*
*Bárður Guðmundsson*
*skipulags- og byggingarfulltrúi*


# HÚSBÍLAR Á LÆKKUÐU VERÐI !



**Ford Transit 2.4 diesel Carado húsbíll** árg 2010 ekinn 150 þ km 6 gíra á tvöföldu að aftan, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur **verð 3.990.000**
**Tilboð 2.490.000**



**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll** árg 2011 ekinn 145 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur **verð 4.390.000**
**Tilboð 2.990.000**



**Fiat Hobby húsbíll 2.3diesel** árg 2017 ekinn 68þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2 **Verð 8.900.000.**
Glæsilegur bíll sem þolir íslenskt veður.



**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll** árg 2015 ekinn ca 120 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2 **Verð 5.990.000.**
**Tilboð 4.490.000**



**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll** árg 2015 ekinn ca 147 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 4 **Verð 6.990.000.**
**Tilboð 5.490.000**



**Ford Transit 2.2 diesel Hymer Húsbíll** árg 2011, ekinn ca 146 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast. **Verð 4.990.000.-**
**Tilboð 3.490.000.**



**Ford Transit 2.2 diesel Hymer Húsbíll** árg 2012, ekinn ca 144 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast. **Verð 5.590.000.-**
**Tilboð 3.990.000.**



**Fiat Hobby Optima 65HFL** árg 2017 ekinn um 70þ km 6 gíra beinskiptur glæsilegur bíll í alla staði. 4 manna. Gas, heitt og kalt vatn, öll þau þægindi sem hugsast getur. **Verð 11.990.000**
**Tilboð 9.990.000**



**Fiat Carado A464 eða A461** árg 2016 eknir um 80þ km 6 gíra beinskiptur. 6 manna. Gas, heitt og kalt vatn, öll þau þægindi sem hugsast getur. **Verð 8.990.000**
**Tilboð 7.990.000**

Touring Cars ehf, Klettatröð 19, 262 Keflavík (Ásbrú)

**Möguleiki á allt að 100% láni.**

Vinsamlegast hringið í síma 7767600 til að bóka skoðun.

TOURINGCARS
gummi@touringcars.eu

# Atvinna

## Atvinna í boði

**- TRAILER BÍLSTJÓRA ÓSKAST -**

Silfri ehf óskar eftir vönum trailer bílstjóra

Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

## Atvinna óskast

**STARFSMENN**
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

**PROVENTUS**
Starfsmannaþjónusta

**551 5000**
proventus@proventus.is

Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

SAFT

# STEYPUMÓT TIL SÖLU

Nýleg **Faresin** steypumót til sölu ásamt öllum fylgihlutum. Lítið notuð. 40 mtr. í tvöföldun.

Upplýsingar í síma 894 8060 baldur@verkefni.is

**Frábært verð!**



# Sveitarfélagið ÁRBORG

## Deiliskipulagsbreytingar

### skóla- og sundhallarreits á Selfossi.

Samkvæmt 1.mgr. 43. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að breyttu deiliskipulagi skóla- og sundhallarreits á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Breytingin nær til lóðar Sundhallar Selfoss. Sundhöllin var stækkuð árið 2015 til norðurs og rúmaði nýbyggingin m.a. nýja líkamsræktarstöð á 2. hæð og afgreiðslu og búningsklefa á 1. hæð. Einnig voru lögð ný bílastæði norðan við nýbygginguna. Sameiginlegur inngangur að sundlaug og líkamsræktarstöð er að vestanverðu við Tryggvagötu. Vegna mikillar aðsóknar er nú þörf á enn frekari stækkun líkamsræktarstöðvarinnar og er lagt til að stækka aðra hæðina til norðurs þannig að húnn slúti yfir bílastæðin og hvíli á nokkrum burðarsúlum.
Við það fækkar bílastæðum lítillega en gönguleið helst óskert meðfram húsinu.

Deiliskipulagsbreytingin felst í:

**1) Stækkun 2. hæðar til norðurs um 400 m2.**
**2) Bílastæðum fækkar um 4**
**3) Kvöð er um gönguleið undir 2. hæð meðfram húsinu frá Bankavegi að Tryggvagötu.**
**Leyfilegt byggingarmagn helst óbreytt og einnig aðrir byggingarskilmálar.**

Teikningar ásamt greinargerð (skilmálum), vegna tillögunnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulags og- byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi frá 9. maí 2019 til 20. júní 2019.
Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.
Frestur til að skila athugasemdum rennur út 20.júní 2019 og skal þeim skilað skriflega til skipulags og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.
Á sama tíma er teikning og greinargerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags og- byggingarfulltrúa í netfangið bardur@arborg.is.

*Virðingarfyllst,*
*Bárður Guðmundsson*
*skipulags- og byggingarfulltrúi*

# SKIPULAGSBREYTINGAR

## Breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar í Hafnarfirði / Óseyrarbraut 25

**Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 6. mars 2019 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar að Óseyrarbraut 25 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Suðurhafnar í Hafnarfirði.**

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér stækkun byggingarreits, nýtingarhlutfall lóðarinnar verður Nh=0,4.

## Kapelluhraun 2. áfangi, breyting á deiliskipulagi

**Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 2. maí sl. að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi Kapelluhrauns 2. áfanga og að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst í samræmi við 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Í breytingunni felst að: lóðirnar Álhella 2 og 3 eru sameinaðar í eina lóð, Álhellu 3.

Samanlögð stærð lóðanna fyrir breytingu er 17.367 m² en verður eftir breytingu 18.275 m². Við sameiningu lóðanna færist til vegur að Álhellu 1 og mun þá liggja milli Álhellu 3 og 4.

Nýtingarhlutfall við eftirtaldar lóðir hækka: við Álhellu 3 og 4, og 11 til 17 verður nhl. 0,5 í stað 0,4. Stálhellu 2, 4, 6, 8, 10, 12, 14, 16 og 18 verður nhl. 0,5 í stað 0,35.

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu að Norðurhellu 2 frá 09.05.-20.06 2019. Hægt er að skoða deiliskipulagstillögurnar á **www.hafnarfjordur.is**

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu. Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 20. júní nk.

Skipulagsfulltrúi.

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

Þú finnur draumastarfið á
Job.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

## Ferðaþjónustuhús



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**

**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**

**Við sérhæfum okkur við heimilisþrif, húsfélög og fyrirtækjaþrif.**

**Hægt að panta tíma á hofdabon.is**

**Höfðabón ehf**
**Dugguvogi 10 (bakvið húsið)**
**S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com**

HÖFÐABÓN

EYJALIND

**Gúmmíbelti**
- Fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook

**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**

## Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- **Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.**
- **Veggjagrind út 45x95 timbri.**
- **Pappi og bárustál á þaki.**
- **Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.**
- **Skúrar sem þola veður og vinda.**

**Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is**

*Snyrti & nuddstofan Smart*
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

**Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir**
***Verð 7.000,-***

**Munið gjafabréfin okkar.**

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**viftur.is**
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
**íshúsið**
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

**MIKLABORG**

**569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar



*Miklaborg kynnir:*

# Bugðufljót 7

## 270 Mosfellsbær

**Til leigu** 3.250 fm atvinnuhúsnæði með góðum innkeyrsludyrum.

Salirnir skiptast í 2.600 fm neðri sal með tveimur innkeyrsludyrum, 8 metra lofthæð og 650 fm milliloft með steyptu gólfi og einni innkeyrsludyr.

Steypt bílaplan er fyrir utan neðri salinn.

Möguleiki er á að setja gámaramp við húsið.

**Húsið verður laust í Ágúst eða fyrr.**












**Nánari upplýsingar veita:**



**Gunnar S. Jónsson,** lögg. fasteignasali
gunnar@miklaborg.is **sími:** 899 5856

**MIKLABORG** Með þér alla leið

## Merkisatburðir

**1768** Fyrsta menntaða ljósmóðirin á Íslandi, Rannveig Egilsdóttir, lýkur ljósmóðurprófi á Staðarfelli í Dölum.

**1769** Frakkar leggja Korsíku undir sig.

Margt eftir hlé var líka reglulega flott, en Banvæn ást eftir Jakob Gade var það þó ekki. Í samanburðinum við ódauðlegan söng Guðrúnar Á. Símonar var söngur kórsins full virðulegur, funann og ástríðuna vantaði. Það var eins og konurnar væru allt of þægar og vel upp aldar! Hvar var krafturinn í stappinu fyrir hlé? Auk þess var fiðlusóló Zbigniews Dubik ekki hreint í byrjun, sem var hálfgerður antíklímax.

Zbigniew hefur margsannað að hann er mjög góður fiðluleikari, en hann var ekki upp á sitt besta á tónleikunum. Annað lag þar sem hann var í veigamiklu hlutverki, heppnaðist ekki sem skyldi. Þetta var Shallow eftir Lady Gaga og þrjá aðra höfunda úr kvikmyndinni A Star Is Born. Í útgáfunni sem hér hljómaði hefði fiðluleikurinn mátt vera hreinni, og því kom lagið í heild ekki vel út.

Annað eftir hlé var betra, þar má nefna Boogie Woogie Bugle Boy eftir Hughie Prince, Ef leiðist mér heima eftir Lee og Manners og Dansinn dunar eftir Van Slee. Öll lögin voru flutt af sannfærandi tilþrifum og tæknilegum yfirburðum. Í heild voru þetta flottir tónleikar með oftast vandaðri, fjölbreyttri dagskrá, enda var kórnum ákaft fagnað í lokin. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Vandaður flutningur og fjölbreytt efnisskrá sem yfirleitt alltaf hitti í mark.




SUPER 1
MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA
MIKIÐ ÚRVAL AF GIRNILEGU GRILLKJÖTI Á BETRA VERÐI
LAMBALÆRI 2099kr/kg
VILLIBRÁÐAR KRYDD
APPELSÍNU MARINERINGU
LAMBALÆRIS SNEIÐAR 2599kr/kg
BBQ
GRÍSAHNAKKI 2499kr/kg
INNRALÆRI 3699kr/kg
HVÍTLAUKS RÓSMARÍN
NAUTAFILE 4399kr/kg
SVEPPA KRYDDLEGI
ÍSLENSKT
LAMBALÆRI
GRÍSAHNAKKI
INNRALÆRI
NAUTAFILLE
NORÐLENSKA
MIKIÐ ÚRVAL AF LÍFRÆNU GRÆNMETI FRÁ DANMÖRKU
APPELSÍNUR LÍFRÆNAR 599kr. 1kg
AVOCADO LÍFRÆN 599kr. 2 STK
HJARTASALAT LÍFRÆNAR 339kr. 300g
GULRÆTUR LITLAR 209kr. 300g
TÓMATAR LÍFRÆNIR 309kr. 250g
SNAKK TÓMATAR 287kr. 150g
SNAKK PAPRIKA 239kr. 150g
mini
meget mere ØKOLOGI
SNACK TOMATER
I ♥ GREEN
SNACK PEBERFRUGT
I ♥ GREEN
SUPER 1
HALLVEIGARSTÍG 1
SUPER 1
FAXAFENI 14
SUPER 1
SMIÐJUVEGI 2
OPIÐ 10:00 TIL 22:00 ALLA DAGA

# Lokauppgjörið við smelludólg eilífðarinnar

**KVIKMYNDIR**

**Avengers: Endgame**
★★★★★
**Leikstjórn:** Anthony Russo, Joe Russo
**Aðalhlutverk:** Robert Downey Jr., Chris Evans, Mark Ruffalo, Chris Hemsworth, Scarlett Johansson

Útlitið var ekki gott, eiginlega bara vonlaust, þegar við skildum við Marvel-hetjurnar okkar í lok Avengers: Infinity War fyrir ári síðan. Þrátt fyrir að hafa snúið bökum saman í baráttunni við sturlaða títaninn Thanos máttu Hefnendurnir, mestu hetjur jarðarinnar, og varðhundar vetrarbrautarinnar, Guardians of the Galaxy, lúta í gras. Og það sem verra er, drjúgur hluti þeirra varð að ryki ásamt helmingi alls lífs í alheiminum þegar Thanos afgreiddi öll helstu vandamál sem að okkur steðja með því að smella fingrum.

Þegar Thanosi hafði tekist að safna saman sex töfrasteinum af mikill einurð og skelfilegri festu tókst honum, þrátt fyrir hetjulega andspyrnu hetjanna okkar, að leysa öll vandamál tengd hnattrænni hlýnun, hungursneyð, háskalegri fólksfjölgun og öllum þeim óleysanlegu vandamálum sem steðja að heimsbyggðinni.

„Þetta var skrítinn endir," sagði rígfullorðinn maður við mig þegar Infinity War kláraðist, þar sem hann sat við hliðina á mér í bíó. Ég gat ekki annað en tekið undir það en með tárin í augunum reyndi ég að hugga hann með því að þetta væri nú bara hálfleikur.

En þar sem allt almennilegt fólk hefur beðið í ofvæni í heilt ár eftir að Hefnendurnir myndu leiðrétta þessa skelfingu í framhaldinu, Endgame, sem er vitaskuld að slá öll aðsóknarmet, er kannski ágætt að byrja á smá upprifjun:

„Myndin er löðrandi í Marvel-húmor og bröndurum, notalegri væmni ásamt fjölda stórfenglegra bardagaatriða þannig að gæsahúðin hríslast um mann með reglulegu millibili á þessari rúmlega tveggja og hálfrar klukkustundar rússíbanareið um Marvel-heima og geima."

Þetta hafði ég að segja á þessari síðu í Fréttablaðinu þann 1. maí 2018 og gæti í raun bara endurtekið þetta en þó með þeim fyrirvara að Endgame er hálftíma lengri, miklum mun tilkomumeiri og betri og skilur við mann fullnægðan, alsælan og í algeru andlegu kjötfarsi.

Ég færi létt með að fjalla um þessa mikilfenglegustu ævintýramynd sem sögur fara af í löngu og ítarlegu máli en nú til dags má víst ekkert segja án þess að einhverjir taugasjúklingar með spilliefnisþráhyggju fari yfirum. Læt því bara duga að lýsa því yfir að þessi mynd uppfyllir allar væntingar, stenst allar kröfur og er frábær skemmtun. Löðrandi í húmor, hasar, spennu og undir öllum djöfulganginum ólga heitar tilfinningar, bæði milli persónanna innbyrðis og ekki síður þeirra og áhorfenda.


Mikið mæðir á Captain America og Iron Man í endataflinu við Thanos og til þess að eiga einhverja von verða þessar kempur að leggja gamlar væringar til hliðar.


Karlarnir eru frekir til fjörsins en konurnar hafa aldrei verið jafn margar og öflugar og í lokauppgjörinu þar sem Captain Marvel mætir sterk til leiks.


Iron Man er sem fyrr aðalgæinn. Hann byrjaði þetta ævintýri fyrir áratug og hlýtur að klára það líka.


Sem betur fer varð enginn úr upprunalega Avengers-genginu að ryki í lok Infinty War þannig að enn er von og „ef við getum ekki varið jörðina munum við, fjandinn hafi það, hefna hennar". MYNDIR/MARVEL STUDIOS

Sagan heldur auðvitað engu vatni og götin í plottinu eru svo stór að útblásinn Ant-Man gæti þrammað í gegnum þau. Það bara skiptir engu máli og þeir vitleysingar sem nenna að spila sig svaka töff og klára með því að standa í sparðatíningi út af þessu ættu að leita sér sérfræðiaðstoðar og reyna að vinna aðeins í eigin komplexum.

Þar fyrir utan var líka ekkert verið að slá upp þessu rosalega partíi fyrir slíka hrímþursa. Þetta er veisla fyrir okkur hin sem erum stolt af því að hafa borið gæfu til þess að varðveita barnið innra með okkur.

Endgame markar, eins og titillinn ber með sér, ákveðin kaflaskil í rúmlega tíu ára og 22 mynda sigurgöngu hugarfóstra Stans heitins Lee á hvíta tjaldinu og það segir allt sem segja þarf um hversu ofboðslega útpælt og vel þetta er gert hjá Marvel að aðeins tvær af þessum myndum geta talist undir meðallagi.

Þessi magnaði bálkur hófst í maí 2008 með Iron Man en í þeirri goðsagnakenndu málmbrynju leyndist snillingurinn, hrokagikkurinn og aðalgæinn, Tony Stark, sem Robert Downey Jr. hefur túlkað af stakri snilld í tíu myndum og þótt allar persónur og leikendur toppi sig í þessum lokakafla er ekki á neinn hallað þótt fullyrt sé að Tony er enn aðalgæinn.

Hann hefur verið hjartað, sálin og sementið í þessu öllu saman enda varla við öðru að búast af persónu sem kinnroðalaust getur sagt: „I am Iron Man." **Þórarinn Þórarinsson**

**NIÐURSTAÐA:** Endgame er stórkostleg kvikmynd og frábær skemmtun þar sem blautustu draumar allra Marvel-nörda rætast með tilheyrandi gæsahúð, tárum og hlátri.





GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 · NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| The House That Jack Built (ICE SUB) | 17:30 | Að sjá hið ósýnilega (ICELANDIC) | 20:00 |
| Yuli-Carlos Acosta Story (ENG SUB) | 17:45 | The Wild Pear Tree (ICE SUB) | 20:30 |
| Cała szczęście (POLISH W/ENG SUB) | 17:45 | Girl (ICE SUB) | 22:00 |
| Everybody Knows (ICE SUB) | 20:00 | Mug // Twarz (ENG SUB) | 22:30 |




THEY'RE GIVING DIRTY ROTTEN MEN
A RUN FOR THEIR MONEY
ANNE HATHAWAY
REBEL WILSON
THE HUSTLE
Bakarameistarinn
FRUMSÝND Á MORGUN
GAP
LAUGARÁS BÍÓ
BARA LÚXUS
SMÁRA BÍÓ
ÁLFABAKKI SAMBÍÓIN
BORGAR BÍÓ

## Borgarleikhúsið
568 8000 • borgarleikhus.is

### Matthildur
Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim 09.05 | Kl 19:00 | U | Fim 23.05 | Kl 19:00 | Ö | Sun 02.06 | Kl 19:00 | Ö | Fim 13.06 | Kl 19:00 | Ö |
| Lau 11.05 | Kl 13:00 | U | Lau 25.05 | Kl 13:00 | U | Mið 05.06 | Kl 19:00 | Ö | Fös 14.06 | Kl 19:00 | Ö |
| Mið 15.05 | Kl 19:00 | U | Sun 26.05 | Kl 19:00 | U | Fim 06.06 | Kl 19:00 | Ö | Sun 16.06 | Kl 19:00 | Ö |
| Fim 16.05 | Kl 19:00 | U | Mið 29.05 | Kl 19:00 | Ö | Fös 07.06 | Kl 19:00 | U | | | |
| Mið 22.05 | Kl 19:00 | Ö | Fim 30.05 | Kl 19:00 | Ö | Mán 10.06 | Kl 19:00 | Ö | | | |

### Elly
Stóra sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sun 12.05 | Kl. 20:00 | U | Fös 24.05 | Kl. 20:00 | U | Lau 08.06 | Kl. 20:00 | Ö |
| Fös 17.05 | Kl. 20:00 | U | Fös 31.05 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 15.06 | Kl. 20:00 | ÖL |

### Kæra Jelena
Litla sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 10.05 | Kl. 20:00 | U | Mið 15.05 | Kl. 20:00 | U | Fös 17.05 | Kl. 20:00 | Ö |
| Sun 12.05 | Kl. 20:00 | U | Fim 16.05 | Kl. 20:00 | Ö | Fim 23.05 | Kl. 20:00 | Ö |

### Bæng!
Nýja sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mið. 15.05 | Kl. 20:00 | U | Fim 23.05 | Kl. 20:00 | U | Fim 30.05 | Kl. 20:00 | Ö |
| Fim 16.05 | Kl. 20:00 | U | Sun 26.05 | Kl. 20:00 | U | Fim. 06.06 | Kl. 20:00 | Ö |

### Allt sem er frábært
Litla sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim 09.05 | Kl. 20:00 | U | Lau 11.05 | Kl. 20:00 | ÖL |

### Sýningin sem klikkar
Stóra sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 10.05 | Kl. 20:00 | U | Sun 19.05 | Kl. 20:00 | U | Lau 01.06 | Kl. 20:00 | Ö |
| Lau 11.05 | Kl. 20:00 | U | Lau 25.05 | Kl. 20:00 | U | | | |

## Þjóðleikhúsið
551 1200 • leikhusid.is

### Ronja Ræningjadóttir
Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sun. 12.05 | kl 13:00 | U | Lau 18.05 | kl. 16:00 | Au | Sun 26.05 | kl. 13:00 | Ö | Sun 2.6 | kl. 16:00 | Au |
| Sun. 12.05 | kl. 16:00 | U | Sun. 19.05 | kl. 13:00 | U | Sun 26.05 | kl. 16:00 | Ö | Lau 8.6 | kl. 13:00 | Au |
| Lau 18.05 | kl. 13:00 | Au | Sun. 19.05 | kl. 16:00 | Ö | Sun 2.6 | kl. 13:00 | Au | Lau 8.6 | kl. 16:00 | Au |

### Einræðisherrann
Stóra sviðið

| | |
|---|---|
| Fim 09.05 | kl. 19:30 |

### Loddarinn
Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 10.05 | kl. 19:30 | Ö | Lau 11.05 | kl. 19:30 | Ö | Fös 17.05 | kl. 19:30 | U | Fim 23.05 | kl. 19:30 | Ö |

### Jónsmessunæturdraumur
Stóra sviðið

| | |
|---|---|
| Mið 22.05 | kl. 19:30 |

### Súper
Kassinn

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fös.10.05 | kl. 19:30 | Lau.11.05 | kl. 19:30 |

### Þitt eigið leikrit
Kúlan

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sun.12.05 | Kl. 15:00 | Lau. 18.05 | Kl.15.00 |

### Brúðkaup Fígarós
Stóra sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 07.09 | kl. 19:30 | Ö | Fös 20.09 | kl. 19:30 | Lau 28.09 | kl. 19:30 |
| Sun 15.09 | kl. 19:30 | | Lau 21.09 | kl. 19:30 | Lau 05.10 | kl. 19:30 |

### Dansandi ljóð
Leikhúskjallarinn

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 11.05 | kl. 20:00 | U | Sun 12.05 | kl. 16:00 | Ö | Mið 15.05 | kl. 20:00 |



LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook




Sönghópurinn Við Tjörnina kemur fram í Fríkirkjunni ásamt hljóðfæraleikurum.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is



Á morgunfundi á Grand hóteli verða ávextir og önnur hollusta til umræðu.

## 9. MAÍ 2019

### Útivist

**Hvað?** Á fjöll við fyrsta hanagal
**Hvenær?** 06.00
**Hvar?** Helgafell, Mosfellsbæ
Morgungöngur Ferðafélags Íslands eru farnar alla vikuna. Gangan í dag hefst við bílastæði undir Helgafelli, Mosfellsdalsmegin.

### Myndlist

**Hvað?** Opin vinnustofa
**Hvenær?** 14.00-17.00
**Hvar?** Kaupvangsstræti 23, Akureyri
Hinn argentínski Federico Dedionigi er gestalistamaður Gilfélagsins í maímánuði. Vinnustofan verður opin gestum og gangandi frá 14 til 17 á þriðjudögum til sunnudaga til 23. maí.

**Hvað?** Myndbirting þjáningarinnar
**Hvenær?** 14.00-16.00
**Hvar?** SÍM-salurinn, Hafnarstræti 16, R.
Margrét Jónsdóttir listmálari sýnir málverk á pappír, unnin út frá upplifun við að eldast og slitna sem kona í íslensku menningarumhverfi. Sýningin stendur yfir út maí og er opin alla virka daga frá 10-16.

**Hvað?** Rofmáttur tímans
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Gallerí Grótta, Eiðistorgi, Seltjarnarnesi
Alistair Macintyre opnar 8. einkasýningu sína á Íslandi. Hin hægmynduðu ísverk á henni hafa verið níu ár í mótun.

### Tónleikar

**Hvað?** Á ljúfum nótum
**Hvenær?** 12.00-12.30
**Hvar?** Fríkirkjan í Reykjavík
Sönghópurinn við Tjörnina, ásamt hljómsveit, flytur lög eftir djasspíanóleikarana George Shearing og Jan Lundgren, djassbassaleikarann Ike Sturm og okkar ástsæla Inga T. Hljóðfæraleikarar eru úr Fríkirkjubandinu Möntru: Gunnar Gunnarsson píanó, Gísli Gamm trommur, Örn Ýmir Arason kontrabassi og Aron Steinn Ásbjarnarson saxófónn. Aðgangseyrir er 1.500 kr. (Ath. að ekki er tekið við greiðslukortum.)

**Hvað:** Vortónleikar Kvennakórs Hafnarfjarðar
**Hvenær:** 20.00
**Hvar:** Hásalir við Hafnarfjarðarkirkju
Fjölbreytt og sumarleg dagskrá með íslenskum sönglögum í bland við erlenda tónlist, djasssveiflu og gospelsöngva. Stjórnandi er Erna Guðmundsdóttir. Hljóðfæraleikarar: Antonia Hevesi á píanó, Jóhann Hjörleifsson á slagverk, Jón Rafnsson á bassa og Oddný Árnadóttir á selló. Miðar seldir við innganginn á 2.500 krónur.

### Annað

**Hvað?** Er ávaxtakarfa og líkamsræktarstyrkur nóg? – Morgunfundur
**Hvenær?** 8.15-10.00
**Hvar?** Háteigur, Grand hóteli við Sigtún
Húsið opnað kl. 8 með léttri morgunhressingu. Aðalfyrirlesari er Karolien Van Den Brekel, heimilislæknir og doktor í sálfræði, sem fjallar um jákvæða heilsu og vinnustaði. Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir frá Embætti landlæknis ræðir um heilsueflingu og Jóhann F. Friðriksson frá Vinnueftirlitinu um mikilvægi fjárfestingar í heilsu starfsmanna. Ingibjörg Loftsdóttir, sviðsstjóri hjá VIRK, stýrir fundinum.

**Hvað?** Evrópudagur matar og menningar
**Hvenær?** 17.00-19.00
**Hvar?** Ráðhús Reykjavíkur, Tjarnargötu 11
Sendinefnd ESB á Íslandi og fimmtán sendiráð ESB-landanna bjóða upp á mat og drykk víðsvegar að úr Evrópu, sem og tónlist og skemmtiatriði, til dæmis ungverska þjóðdansa og búlgarskan barnakór. Þessi fjöruga hátíð kræsinga, tónlistar og skemmtunar er öllum opin.

**Hvað?** Réttarstaða þolenda kynferðisofbeldis – Ráðstefna
**Hvenær?** 13.30-17.00
**Hvar?** HR, Nauthólsvík, stofa V101
Ný skýrsla um stöðu brotaþola á Norðurlöndunum kynnt, ásamt tillögum um breytta réttarstöðu brotaþola á Íslandi og fjallað um breytingar á meðferð kynferðisbrota á vettvangi stjórnvalda. Í pallborði sitja fræðimenn, fagaðilar úr réttarvörslukerfinu og víðar, auk baráttukvenna sem hafa reynslu sem brotaþolar.

**Hvað?** Starfsumhverfi glæpasagnahöfunda – opinn fundur
**Hvenær?** 17.30-19.00
**Hvar?** Þjóðminjasafnið
Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra flytur ávarp. Ragnar Jónasson og Yrsa Sigurðardóttir velta fyrir sér hverju þurfi að huga að til að norrænir höfundar haldi áfram sterkri stöðu sinni á alþjóðlegum glæpasagnamarkaði. Erindin fara fram á ensku.

**Hvað?** Danspartí
**Hvenær?** 20
**Hvar?** Hard Rock Cafe, Lækjargötu 2a, R.
Fram koma Mario og Yana, Erna og Pálmar frá Salsa Iceland, Frikki og Anna hjá Dans og Kúltúr. Eftir danssýningar og smá kennslu verður danstónlist og partí. Dansreynsla er ekki nauðsynleg, bara viljinn til að læra, skemmta sér og kynnast nýju fólki. Frítt inn.


HLAUPTU, HLAUPTU!
HLAUPADAGAR
Allur æfinga-, hlaupafatnaður og hlaupaskór
á 20% afslætti dagana 8. - 13. maí í Útilíf.*
20%
AFSLÁTTUR
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is

# HLAÐVARPIÐ

## á frettabladid.is

*hlustaðu þegar þér hentar*






Krúnuvarpið



Lifum lengur



Hismið

FRETTABLADID.IS




# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00** **Kastljós**
**13.15** **Menningin**
**13.25** **Útsvar 2014-2015 Mosfellsbær - Akureyri**
**14.25** **Landakort Surtshellir**
**14.35** **Saga Danmerkur - Steinöld** Í fyrsta þætti fjallar Lars Mikkelsen um steinöldina, árþúsundin þar sem Danmörk varð til og fyrstu manneskjurnar tóku sér bólfestu á landinu. Við förum í ferðalag til fortíðar og skoðum hvernig lífi forfeður okkar lifðu, bæði í skóglendi og við hafið, og sérfræðingar sem hafa rannsakað beinagrindur útskýra hvernig forfeður okkar á steinöld litu út.
**15.35** **Popppunktur 2011 Greifarnir - Valdimar** Þegar Popppunktur hóf göngu sína fyrir mörgum árum var tekin sú ákvörðun að hljómsveitir sem Felix og Dr. Gunni hefðu verið í myndu ekki keppa. Þessi regla verður þrælbrotin í þetta sinn því nú keppa fyrrum félagar Felix í Greifunum. Eitís-hetjurnar fá þó enga vafasama hjálp hjá Felix og verða algjörlega að treysta á sjálfa sig þegar þær mæta hljómsveitinni Valdimar. Sveitin sú er ný af nálinni en hefur vakið mikla athygli síðustu misseri fyrir vandað popp og góðan söng forsprakkans, söngvarans Valdimars Guðmundssonar.
**16.30** **Í garðinum með Gurrý Gróðursetning skrautplantna**
**16.55** **Við getum þetta ekki**
**17.25** **Kaupmannahöfn - höfuðborg Íslands** Í öðrum þætti halda þeir Egill og Guðjón áfram göngu sinni um hverfin umhverfis Amalienborgarhöll og fara á slóðir íslenskra listamanna í Konunglega leikhúsinu og Listaakademíunni. Þeir líta inn á einn af uppáhaldsveitingastöðum Jóns Sigurðssonar og kynnast nokkrum af Íslandskaupmönnunum sem verða á vegi þeirra í þáttunum.
**17.50** **Táknmálsfréttir**
**18.00** **KrakkaRÚV**
**18.01** **Fótboltastrákurinn Jamie**
**18.29** **Sebastian og villtustu dýr Afríku**
**18.39** **Sögur - Stuttmyndir Húsvörðurinn**
**18.50** **Krakkafréttir**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veður**
**19.35** **Kastljós**
**19.50** **Menningin**
**20.00** **Sælkeraferðir Ricks Stein - Reykjavík (1 af 10) Rick Stein's Long Weekends**
**21.05** **Klofningur** Leikin þáttaröð frá BBC um skilnaðarlögfræðing sem ákveður að yfirgefa fjölskyldufyrirtækið sem móðir hennar rekur og ganga til liðs við aðra lögfræðistofu. Í kjölfarið kemur hún öllum samböndum sínum í uppnám.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veður**
**22.20** **Skammhlaup**
**23.20** **Spilaborg**
**00.15** **Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.10** **Wells Fargo Championship**
**13.10** **Golfing World**
**14.00** **PGA Tour**
**19.05** **Inside the PGA Tour**
**19.30** **AT&T Byron Nelson** Bein útsending frá AT&T Byron Nelson á PGA mótaröðinni.
**22.30** **Golfing World**
**23.20** **PGA Highlights**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** **Síminn + Spotify**
**08.00** **Dr. Phil**
**08.45** **The Tonight Show**
**09.30** **The Late Late Show**
**10.15** **Síminn + Spotify**
**12.00** **Everybody Loves Raymond**
**12.20** **The King of Queens**
**12.40** **How I Met Your Mother**
**13.05** **Dr. Phil**
**13.45** **Younger**
**14.10** **The Voice US**
**16.00** **Malcolm in the Middle**
**16.20** **Everybody Loves Raymond**
**16.45** **The King of Queens**
**17.05** **How I Met Your Mother**
**17.30** **Dr. Phil**
**18.15** **The Tonight Show**
**19.00** **The Late Late Show**
**19.45** **The Kids Are Alright**
**20.10** **Kokkaflakk**
**20.50** **9-1-1**
**21.40** **The Resident**
**22.25** **FEUD**
**23.20** **The Tonight Show**
**00.05** **The Late Late Show**
**00.50** **NCIS**
**01.35** **NCIS. New Orleans**
**02.20** **Law and Order. Special Victims Unit**
**03.05** **Yellowstone**
**03.50** **Ray Donovan**
**04.45** **Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45** **Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50** **Morgunvaktin**
**07.00** **Fréttir**
**07.30** **Fréttayfirlit**
**08.00** **Morgunfréttir**
**08.30** **Fréttayfirlit**
**09.00** **Fréttir**
**09.05** **Segðu mér**
**09.45** **Morgunleikfimi**
**10.00** **Fréttir**
**10.03** **Veðurfregnir**
**10.13** **Á reki með KK**
**11.00** **Fréttir**
**11.03** **Mannlegi þátturinn**
**12.00** **Fréttir**
**12.02** **Hádegisútvarp**
**12.20** **Hádegisfréttir**
**12.40** **Veðurfregnir**
**12.50** **Dánarfregnir**
**12.55** **Samfélagið**
**14.00** **Fréttir**
**14.03** **Á tónsviðinu**
**15.00** **Fréttir**
**15.03** **Flakk - Fjallað um Guðjón Samúelsson arkitekt**
**16.00** **Síðdegisfréttir**
**16.05** **Víðsjá**
**17.00** **Fréttir**
**17.03** **Lestin**
**18.00** **Spegillinn**
**18.30** **Útvarp Krakka RÚV**
**18.50** **Veðurfregnir**
**18.53** **Dánarfregnir**
**19.00** **Sinfóníukvöld. Á leið í tónleikasal**
**19.27** **Sinfóníutónleikar**
**22.00** **Fréttir**
**22.05** **Veðurfregnir**
**22.10** **Samfélagið**
**23.05** **Lestin**
**00.00** **Fréttir**
**00.05** **Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.15** **Paterno**
**13.00** **The Little Rascals Save the Day**
**14.40** **Norman**
**16.35** **Paterno**
**18.20** **The Little Rascals Save the Day**
**20.00** **Norman**
**22.00** **Tanner Hall**
**23.35** **Queen of the Desert**
**01.45** **Life of Crime**
**03.25** **Tanner Hall**

## STÖÐ 2

**07.00** **The Simpsons**
**07.25** **Friends**
**07.50** **Gilmore Girls**
**08.30** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Anger Management**
**10.00** **Lögreglan**
**10.30** **Wrecked**
**10.55** **Satt eða logið**
**11.35** **Heimsókn**
**12.00** **Ísskápastríð**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Amelia**
**15.00** **The Fits**
**16.10** **Two and a Half Men**
**16.35** **Stelpurnar**
**17.00** **Bold and the Beautiful**
**17.20** **Nágrannar**
**17.45** **Ellen**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.55** **Ísland í dag**
**19.10** **Sportpakkinn**
**19.20** **Veður**
**19.25** **The Big Bang Theory**
**19.45** **Splitting Up Together**
**20.10** **Whiskey Cavalier**
**20.55** **The Blacklist**
**21.40** **Barry**
**22.10** **Lethal Weapon**
**22.55** **Real Time With Bill Maher**
**23.55** **Shetland**
**00.55** **Killing Eve**
**01.40** **High Maintenance**
**02.10** **It's a Hard Truth Ain't It**
**03.20** **O.G.**
**05.05** **Amelia**

## STÖÐ 3

**19.10** **The Last Man on Earth**
**19.35** **The Simpsons**
**20.00** **Seinfeld**
**20.25** **Friends**
**20.50** **The Mindy Project**
**21.15** **Supergirl**
**22.00** **Arrow**
**22.45** **Stelpurnar**
**23.10** **Bob's Burger**
**23.35** **The Simpsons**
**00.00** **American Dad**
**00.25** **The Last Man on Earth**
**00.50** **Seinfeld**
**01.15** **Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.30** **Ajax - Tottenham**
**09.10** **Meistaradeildarmörkin**
**09.30** **AC Milan - Bologna**
**11.10** **Víkingur - FH**
**12.50** **Pepsi Max Mörk karla**
**14.15** **Selfoss - Valur. Leikur 3**
**15.45** **Seinni bylgjan**
**16.20** **ÍBV - Haukar. Leikur 4**
**17.50** **Seinni bylgjan**
**18.25** **Premier League World**
**18.55** **Chelsea - Eintracht Frankfurt** Bein útsending frá leik í undanúrslitum Evrópudeildarinnar.
**21.00** **Pepsi Max-mörk kvenna**
**22.00** **Búrið**
**22.35** **UFC Unleashed**
**23.25** **Valencia - Arsenal**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** **Arsenal - Brighton**
**08.45** **Chelsea - Watford**
**10.25** **Cardiff - Crystal Palace**
**12.10** **Manchester City - Leicester**
**14.00** **Newcastle - Liverpool**
**15.50** **Messan**
**16.55** **Ajax - Tottenham**
**18.35** **Meistaradeildarmörkin**
**18.55** **Valencia - Arsenal** Bein útsending frá leik í undanúrslitum Evrópudeildarinnar.
**21.00** **Liverpool - Barcelona**
**22.45** **Þróttur - ÍR**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




Pinotex

## Pallaolía, 5 l

**Smýgur djúpt inn í viðinn og hrindir vel frá sér vatni. Notið litaða olíu til aðná fram fullnægjandi UV-vörn. Hægt að fá í ýmsum gagnsæjum litbrigðum.**

# 3.495.-

# BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# Andrea Maack í samstarf með ítölskum sólgleraugnarisa



Andrea kynntist stofnandanum fyrir tilviljun í Mílanó. Hann hefur hannað gleraugu fyrir helstu tískufyrirtæki heims.

Andrea er vinsælasti ilmvatnshönnuður Íslands en ilmirnir hennar eru seldir í 22 löndum. MYND/BENJAMIN HARDMAN

Ítalska sólgleraugnamerkið SOYA og íslenska listakonan og ilmvatnshönnuðurinn Andrea Maack tilkynntu um samstarf sitt á dögunum. Sólgleraugun eru einstaklega flott og koma í þremur mismunandi útgáfum.

„Ég hitti aðstandendur merkisins fyrst fyrir tilviljun úti í Mílanó. Svo heyrðu þau í mér í kjölfarið, þeim fannst Instagrammið hjá mér flott og heilluðust af merkinu mínu og hvað ég hef verið að gera,“ segir Andrea.

Andrea hafði verið aðdáandi merkisins og fylgst með því frá stofnun. Því var gaman að upplifa að aðstandendur merkisins hefðu gagnkvæman áhuga á henni og hennar hönnun.

„Þau sendu mér gleraugu úr fyrri línum til að vera með á myndum. Þá sá ég betur hvað það voru mikil gæði í sólgleraugunum og að þessi tvö merki áttu margt sameiginlegt. Þótt mitt merki sé frá Íslandi var margt líkt. Stærð fyrirtækjanna, gæði framleiðslunnar og hugmyndafræðin var allt eitthvað sem mér fannst svipað.“



Andrea segist sjálf nota sólgleraugu allan ársins hring og því hafi samstarfið verið skemmtilegt. MYNDIR /AMY HASLEHURST

Hálfu ári seinna hafði eigandinn og aðalhönnuðurinn, Matteo Pontello, samband við Andreu með samstarf í huga.

„Hann stofnaði merkið árið 2015. Hann vann áður hjá stærstu tískumerkjum heims á borð við Tom Ford, Emporio Armani, Roberto Cavalli og Celine. Hann hafði verið í gleraugnabransanum í ein 20 ár en vildi stofna sitt eigið merki út frá sinni reynslu.“




Matteo hannaði gleraugun með ilmvatnsflöskur úr línu Andreu í huga



Sólgleraugun koma í þremur litum.

Matteo langaði að gera sólgleraugu í samstarfi við Andreu.

„Svo hann byrjar að koma með hugmyndir og þessi týpa var ein af fyrstu hugmyndunum sem hann kom með. Mér fannst þessi gleraugu túlkandi fyrir merki okkar beggja. Þau passa líka útlitslega við ilmvatnsflöskurnar frá mér, það var einmitt hans hugmynd á bak við hönnunina.“

Litunum þremur sem gleraugun prýða svipar um margt til norðurljósa, myrkurs og elds, allt sem hefur skírskotun í landið og er lýsandi fyrir það.

„Okkur fannst líka áhugavert að eins ólík og þessi lönd eru, Ítalía og Ísland, þá notum við líka oft sólgleraugu. Ég nota mikið sólgleraugu á veturna því sólin er svo sterk. Það er ákveðin menning fyrir því hérlendis þó það hljómi undarlega í fyrstu,“ segir Andrea að lokum.

Gleraugun koma í sölu á vefsíðu Andreu, andreamaack.com, í lok maí. **steingerdur@frettabladid.is**




# Dansað fyrir fórnarlömb fellibylja

Næsta laugardag, 11. maí, fer fram dansviðburður til styrktar neyðaraðgerðum UNICEF í Mósambík. Þar hafa á stuttum tíma riðið yfir tveir fellibyljir og eiga gríðarlega margir um sárt að binda. Viðburðurinn fer fram í World Class Laugum. Það er Friðrik Agnar zúmbakennari sem stendur að baki skipulagningunni, en hann hefur áður séð um svipaða viðburði til styrkar UNICEF. Síðast var frábær stemning og alls 70 manns mættu og dönsuðu.



Síðasti viðburður var einstaklega vel sóttur og höfðu allir gaman af.

Nú er stefnan tekin á að alls fimm kennarar haldi zúmbakennslu í hundrað manna sal og planið er að fylla hann. Dansað verður í alls 90 mínútur.

„Ég fékk hugmyndina að Dansa fyrir lífinu jólin 2017, þegar ég rakst á einhverja auglýsingu frá UNICEF þar sem kallað var eftir aðstoð vegna ástandsins í Sýrlandi. Ég hugsaði með mér að mig langaði til að leggja mitt af mörkum.“ segir Agnar.

Hann segist helst hafa viljað fara sjálfur til Sýrlands og huga að þeim sem áttu um sárt að binda. Hann hafi viljað gera það sem í hans valdi stæði, og fannst liggja beint við að halda viðburð til styrktar fórnarlömbunum.

„Mér fannst eitthvað fallegt við að sameina þessa ástríðu fyrir dansinum og andlegri heilsu og að gefa af sér til þessa málefnis. Auðvitað vildi ég bara endurtaka leikinn því þetta var svo vel sótt og gaf held ég öllum sem tóku þátt rosa mikið,“ bætir hann við.

Friðrik Agnar segist vonast til að sjá sem flesta í World Class á laugardaginn klukkan 11.30.

„Ég vil helst gera þetta að árlegum viðburði,“ segir Friðrik Agnar að lokum.



ICELANDAIR OG COCA COLA LIGHT TASTE
KYNNA MEÐ STOLTI
DÍVUR
14. SEPTEMBER Í ELDBORG HÖRPU
KVÖLDTÓNLEIKAR:
ÖRFÁIR MIÐAR EFTIR
DAGTÓNLEIKAR:
FÁIR MIÐAR EFTIR
SVALA & JÓHANNA GUÐRÚN
DÍSELLA · FRIÐRIK ÓMAR · KATRÍN HALLDÓRA
RAGGA GRÖNDAL · SIGGA BEINTEINS
GÍTAR OG HLJÓMSVEITARSTJÓRN DAVÍÐ SIGURGEIRSSON TROMPET ARI BRAGI KÁRASON HLJÓMBORÐ HALLDÓR SMÁRASON HLJÓMBORÐ INGVAR ALFREÐSSON GÍTAR RÖGNVALDUR BORGÞÓRSSON
SAXAFÓNN STEINAR SIGURÐARSON BASSI VALDIMAR OLGEIRSSON TROMMUR ÞORVALDUR ÞÓR ÞORVALDSSON BAKRADDIR ANNA SIGRÍÐUR SNORRADÓTTIR ARNAR JÓNSSON RAKEL PÁLSDÓTTIR
GOSPELKÓR JÓNS VÍDALÍNS UNDIR STJÓRN DAVÍÐS SIGURGEIRSSONAR OG JÓHÖNNU GUÐRÚNAR STRENGJASVEIT UNDIR STJÓRN GEIRÞRÚÐAR ÁSU GUÐJÓNSDÓTTUR LEIKSTJÓRI SELMA BJÖRNSDÓTTIR
light taste Coca-Cola
ICELANDAIR
MIÐASALA FER FRAM Á HARPA.IS/DIVUR OG Í SÍMA 528-5050
NÁNARI UPPLÝSINGAR: SENALIVE.IS/DIVUR
sena LIVE!








„Við vildum gera eitthvað til að minnka okkar kolefnisspor og okkur langar til að gera enn þá meira,“ segir Cheryl Ang, verkefnastjóri ÚTÓN, sem er hér ásamt framkvæmdastjóranum, Sigtryggi Baldurssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# ÚTÓN reynir að jafna kolefnisporin

Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar hefur skipulagt tvær gróðursetningarferðir til að kolefnisjafna þann fjölda flugferða sem eru á þeirra vegum. Verkefnastýra ÚTÓN segir þetta vissulega ekki vera nóg, en sé þó mikilvægt skref í rétta átt.

Næsta laugardag fer útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar, ÚTÓN, í ferð upp að Hekluskógum að planta trjám. Tilefnið er verkefni sem snýst um að kolefnisjafna fótspor fyrirtækisins sem vill með því reyna að axla ábyrgð á sínum þætti í stöðu mála. Ákváðu þau því að skipuleggja tvær ferðir, annars vegar núna um helgina, á laugardag, og hins vegar laugardaginn 1. júní. Veitingar verða á staðnum fyrir þátttakendur og ÚTÓN mun skipuleggja rútuferðir fram og til baka úr borginni.

„Þessi hugmynd kom upphaflega frá Cheryl sem vinnur hérna hjá ÚTÓN. Hún er nemi í umhverfisfræði hjá háskólanum og varð fyrst til að benda á hvað mikil mengun væri óhjákvæmilega tengd starfseminni. Við erum náttúrulega í útflutningi, og þá kom upp sú hugmynd að reyna í það minnsta að jafna út kolefnisfótsporið eftir bestu getu,“ segir Sigtryggur Baldursson, tónlistarmaður og framkvæmdastjóri ÚTÓN.

> **ÞESSI HUGMYND KOM UPPHAFLEGA FRÁ CHERYL SEM VINNUR HÉRNA HJÁ ÚTÓN. HÚN ER NEMI Í UMHVERFISFRÆÐI HJÁ HÁSKÓLANUM OG VAR FYRST TIL AÐ BENDA Á HVAÐ MIKIL MENGUN VÆRI ÓHJÁKVÆMILEGA TENGD STARFSEMINNI.**
>
> Sigtryggur Baldursson

Cheryl, sem verkefnastjóri hjá ÚTÓN, ákvað sjálf að gera mælingu á kolefnisspori skrifstofunnar.

„Við reiknuðum hve marga kílómetra við höfum ferðast með flugi. Við sjálf, starfsmennirnir, erum að ferðast oft á tónlistartengdar ráðstefnur. Við reiknuðum líka með flugi fólks sem hefur komið hingað á okkar vegum til að kynna sér íslenska tónlist, til dæmis á Airwaves. Mér reiknaðist til að það væru næstum 300.000 kílómetrar, sem er rosalega mikið,“ segir Cheryl.

„Það kom sem sagt í ljós að þetta var miklu meira en við gerðum okkur grein fyrir. Þá kom þessi hugmynd, að bjóða tónlistarfólki sem er að ferðast mikið að koma í öðruvísi ferðalag með okkur. Ferðalag í Hekluskóga að gróðursetja tré til þess að hamla aðeins gegn þessu,“ bætir Sigtryggur við.

Cheryl fór líka í það að rannsaka hvaða lausnir væru í boði fyrir fyrirtæki eins og þeirra til að leggja sitt af mörkum og leiðrétta sín eigin fótspor. Hún hafði samband við umhverfisráðuneytið en niðurstaðan úr því var að frekar lítið væri í boði.

„Við vildum gera eitthvað til að minnka okkar kolefnisspor og okkur langar til að gera enn þá meira. Það er nauðsynlegt fyrir okkur öll að skoða þetta og við ætlum að reyna að fljúga minna eftir bestu getu. Auðvitað er það ekki algjörlega raunsætt að ætla alveg að hætta fljúga þar sem ÚTÓN er útflutningsskrifstofa. Ég er ekki að segja að þetta sé nóg og réttlæti allt, en þetta er allavega skref í rétta átt.“ segir Cheryl.

„Ferðin á laugardaginn er nánast sprungin því svo margir hafa skráð komu sína. En við förum aftur 1. júní og vonumst til að sjá sem flesta þá,“ bætir Sigtryggur við að lokum. **steingerdur@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

# Fyrir pallasmíðina

BYKO



26%

**Tilboðsverð**

**Herregård XO**

Pallaolía, glær eða gyllt 3l.

**1.995**

80602501/2

Almennt verð: 2.695









**20-30% afsláttur**

af öllum sögum



**Tilvalin fyrir palla-olíuna**

**20% afsláttur**

af öllum BOSCH málningar-sprautum



**Tilboðsverð**

**Ferðagasgrill**

TRAVELQ 2B með vagni. Þú ferð létt með að grilla hamborgara fyrir alla á tjaldstæðinu!

**44.996**

506600012

Almennt verð: 59.995

25%

Kílóvött 4,1 | Brennarar 2



**Tilboðsverð**

**Gasgrill**

MONARCH 320, eldunarsvæði 3350 cm². Ryðfrítt eldunarkerfi. Þrír ryðfríir brennarar. Mjög sterkar grillgrindur úr pottjárni.

**59.995**

50657511

Almennt verð: 79.995

25%

Kílóvött 8,8 | Brennarar 3



**Tilboðsverð**

**Kolagrill**

NK22-LEG 57cm. Grillgrindin er opnanleg á tveimur stöðum, svo hægt er að bæta kolum eða viðarspæni á eldinn.

**29.246**

506600093

Almennt verð: 38.995

25%



**20% afsláttur**

af öllum garð-húsgögnum



**20% afsláttur**

af öllum BOSCH háþrýstidælum



**20-30% afsláttur**

af völdum borvélum



**Frábært verð!**

**Blákorn**

Góður alhliða áburður sem hentar vel í öll blómabeð, fyrir matjurtir og skrautrunna og tré. Inniheldur öll helstu næringar- og snefilefni.

5kg.

**1.595**

55095007



**30% afsláttur**

af öllum vinnu-vettlingum

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Ánægðustu viðskiptavinirnir 2 ár í röð! Auðvelt að versla á byko.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl. Tilboð gilda til 16. maí, eða á meðan birgðir endast.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Þorbjargar Gunnlaugsdóttur




## Feluleikur forsetans

Keppnir eru heillandi. Þeir í Monty Python sögðu einu sinni söguna af erfiðustu keppni í heimi, feluleik karla á Ólympíuleikunum. Heimurinn allur var undir í feluleiknum. Gat Francisco Huron slegið met Don Roberts um að vera í felum í 11 ár, 2 mánuði, 26 daga, 9 klukkustundir, 3 mínútur og 27,4 sekúndur? Sem barn elskaði ég keppnir og hélt bókhald um sigurvegara Evróvisjón og þau lönd sem sviku Ísland (öll). Stúderaði niðurstöður lyfjaprófa í 100 m hlaupi karla. Þekkti helstu titla í hverri keppni Ungfrú Ísland og hvaða keppendur klæddust kjólum frá Jórunni Karls. Fylgdist með hvernig hrossunum hjá Sigurbirni Bárðar vegnaði. Kunni kaloríuinntöku Hjalta Úrsus sem þróaðist síðan út í áhuga á keppni um köku ársins. Það er góð keppni.

Núna er það forsetakjörið í Bandaríkjunum. Þar veit enginn hvað þarf til að vinna þó ákveðnar lykilbreytur séu þekktar. Allir sigurvegarar hafa verið með utanáliggjandi þvagrás. Að öðru leyti er leikurinn opinn. Lítil atriði verða stór. Dijon sinnep ofan á hamborgara leiðir til Dijongate. Tölvupóstur úr einkanetfangi getur drepið. Dýr jakkaföt eru hættuleg á fundi með kornbændum. Menn þurfa að geta lesið salinn. Alltaf elska ameríska bíla. Aldrei kunna frönsku, en endilega spænsku. Ekki mæta í baptistamessu án þess að geta sungið. Í þessari keppni geta leikreglur líka breyst. Alltaf vandað að klökkna í ræðu (Bill Clinton) en ekki í samtali (Hillary Clinton). Í síðustu keppni urðu síðan hin ótrúlegu úrslit að kjósendum tókst ekki að finna forsetann. Lítil atriði urðu að stórum. Enn er sú hætta fyrir hendi. Í tveggja ára keppni þar sem lítil feilspor ráða úrslitum er lykillinn kannski aðallega að láta ekki afhjúpa sig. Sá sigrar sem er bestur í feluleiknum.











Sóma Vefjur
★ FERSKAR NÝJUNGAR ★
— ÞAÐ ER BARA ÞANNIG SEM VIÐ RÚLLUM —
FERSKT Á FERÐINNI ★ FRESH TO GO

